



SAMTÖK
STARFSMANNA
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

03 TBL. // 17 ÁRG. // DESEMBER 2013



TRAUST



ÞEKKING



METNAÐUR

ANNÁLL

Streita

Trúnaðarmaður

ÁRAMÓT

JÓL

Uppgjör

Ávarp

YFIRVINNA

VINNUTÆKI

KVEÐJA

Fjármál

ORLOF

Fjölskylda

2013 - 2014

ÁLAG

Kaup

Frítaka

KJÖR

FRÍTÍMI



SKATTUR Á BANKA FÆKKAR STÖRFUM

LEIÐARI FORMANNS SSF

- bls. 4 -



FORMANNAFUNDUR SSF

- bls. 8 – 9 -



ÞINN MAÐUR Á RÉTTUM STAÐ

ALLT UM HLUTVERK TRÚNAÐARAMANNSINS.

- bls. 10 – 11 -

STÝRÐU TÍMANUM

VIÐ VERÐUM FYRIR ÞRÝSTINGI ÚR ÖLLUM ÁTTUM. TÍMAHRAK ER HINN KALDI
VERULEIKI OKKAR MARGRA OG LEIÐIR ÞAÐ TIL AUKINNAR STREITU.

- bls. 12 – 13 -



FJÖLBREYTT STARF STARFSMANNAFÉLAGS ÍSLANDBANKA

- bls. 14 – 15 -



RITSTJÓRNARUPPLÝSINGAR

EDITORIAL INFO

ÚTGEFANDI: SAMTÖK STARFSMANNA FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA – SSF

ÁBYRGÐARMAÐUR: FRÍÐBERT TRAÚSTASON, FORMAÐUR STJÓRNAR SSF

RITSTJÓRN: ANDRÉS ERLINGSSON, 2. VARAFORMAÐUR STJÓRNAR SSF,
GUÐNÝ S. MAGNÚSDÓTTIR, MEÐSTJÓRNANDI STJÓRNAR SSF, HILMAR VILBERG
GYLFASON, FJÁRMÁLASTJÓRI SSF

RITSTJÓRI: RAGNAR SIGURÐSSON

UPPLAG: 2.000 EINTÖK

PRENTUN: ODDI

UMBROT: BRYNJAR PÁLSSON

FORSÍÐUMYND: SÖLVI RÚNAR VIGNISSON

SKRIFSTOFA SSF: NETHYL 2E, 2. HÆÐ, 110 REYKJAVÍK

SÍMI: 540 6100 • **VEFUR:** WWW.SSF.IS • **NETFANG:** SSF@SSF.IS



VINNA LAUNALAUST 15 VIRKA DAGA Á ÁRI

STARFSMENN FJÁRMÁLAFYRIRTÆKA VINNA AÐ MEÐALTALI 15 VIRKA DAGA Á ÁRI
ÁN LAUNA

- bls. 16 – 18 -

ÞITT EIGIÐ VINNUTÆKI

SNJALLSÍMAR, FARTÖLVUR, SPJALDTÖLVUR, ÖPP OG SAMFÉLAGSMIÐLAR Hafa
GJÖRBREYTT HREYFANLEIKA, AÐGENGI OG NEYTENDAVENJUM TIL HINS BETRA.
BRING YOUR OWN DEVICE (BYOD) ER NÝJASTA STEFNAN.

- bls. 19 - 21 -



FRÉTTAANNÁLL SSF 2013

- bls. 22 – 42 –

HÁTÍÐARKROSSGÁTA SSF

- bls. 43 –



Um SSF

SAMTÖK STARFSMANNA FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA (SSF) ER STÉTTARFÉLAG STARFSMANNA Í BÖNKUM, SPARISJÓÐUM OG FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJUM. MEGINÁHERSLUR SAMTAKANNA Hafa frá upphafi verið á kjör og starfsumhverfi félagsmanna og hefur SSF verið í framvarðarsveit íslenskra stéttarféлага við að ná fram ýmsum réttindum fyrir félagsmenn sína. Þótt margt hafi áunnist í kjaramálum félagsmanna eru enn fjölmörg viðfangsefni framundan. Stöndum saman, höldum áfram á sömu braut og tökum virkan þátt í að móta framtíð okkar.

SKATTUR Á BANKA FÆKKAR STÖRFUM

ENN EINU SINNI Á AÐ BJARGA RÍKISSJÓÐI, OG NÚ EINNIG AÐ UPPFYLLA KOSNINGALOFORÐ STJÓRNARFLOKKA UM SKULDANIDURFELLINGU, MEÐ ÞVI AÐ HÆKKA SKATTA Á FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI OG STARFSMENN ÞEIRRA. Hér mun ég einungis ræða skatta og gjöld sem starfandi fjármálafyrirtæki þurfa að greiða, ekki skatta sem áætlað er að leggja á þrotabú.

Í grein sem Höskuldur Ólafsson, bankastjóri Arion banka, skrifaði í ársrit SFF segir hann m.a.: „Aukinn kostnaður og margvíslegar álögur hafa verið lagðar á fjármálastarfsemi. Þetta hefur átt sér stað með fjölgun nýrra skatta, m.a. sérstökum bankaskatti og sérstökum eftirlitsgjöldum, hærri álögum og vaxandi kröfum löggjafa og eftirlitsaðila.“ Seinna í sömu grein segir Höskuldur: „Ljóst er að þessi þróun kemur á endanum niður á viðskiptavinum fjármálafyrirtækjanna.“

Ég tek að fullu undir hvert orð sem Höskuldur, formaður SFF, segir í þessari grein en vil bæta því við og ítreka enn og aftur að þessir hækkuðu skattar og gjöld hafa verulega bitnað á starfsmönnum og fjölskyldum þeirra undanfarin ár. Um 2.000 starfsmenn fjármálafyrirtækja hafa misst vinnuna, lífsviðurværi sitt, á undanföllum fimm árum. Enda kemur það skýrt fram í frumvarpi að lögum um fjársýsluskattinn að skattlagningunni sé ætlað að hafa neikvæð áhrif á atvinnugreinina og starfsmenn hennar, en þar segir: „Loks er viðbúið að fjársýsluskattur (innsk.: launaskattur sem eingöngu er lagður á laun starfsmanna fjármálafyrirtækja) hafi áhrif

Auknar álögur af þessu tagi færa rekstrarumhverfi fyrirtækja í fjármála- og tryggingastarfsemi nær því sem aðrar greinar atvinnulífsins búa við og eru til þess fallnar að draga úr launahækkunum og halda aftur af nýráðningum.“

á þróun atvinnugreinarinnar í heild. Auknar álögur af þessu tagi færa rekstrarumhverfi fyrirtækja í fjármála- og tryggingastarfsemi nær því sem aðrar greinar atvinnulífsins búa við og eru til þess fallnar að draga úr launahækkunum og halda aftur af nýráðningum.“

Tilgangur ríkisins með nýjum fjársýsluskatti og sérstökum bankaskatti er auðsær, „að draga úr launahækkunum og halda aftur af nýráðningum.“ Það er hreint með ólíkindum að þurfa að lesa og upplifa slíkan fjandskap gagnvart einni tiltekinni starfsstétt, alveg sérstaklega frá löggjafanum sem talar á hátiðarstundum um að efla og fjölga störfum kvenna. Þeir alþingismenn sem samþykktu aukna skattheimtu á fjármálafyrirtæki og starfsmenn þeirra vita greinilega ekki að lengst af hafa konur skipað um og yfir 70% starfa við fjármálafyrirtækin.

Að lokum er rétt að lista hér upp skatta og gjöld sem áætlað er að íslensk fjármálafyrirtæki greiði til samfélagsins árið 2013:



Tekjutengdir skattar:

Tekjuskattur 12 milljarðar
Sérstakur tekjuskattur 4 milljarðar

Ótekjutengdir skattar:

Tryggingagjald 5,2 milljarðar
Bankaskattur 2 milljarðar
Fjársýsluskattur 4,5 milljarðar
Gjald til Fjármálaeftirlitsins 1,3 milljarðar
Gjald til Umboðsmanns skuldara 1 milljarðar

Samtals 30 milljarðar

Tekið skal fram að þessi áætlun er mjög varfærin, því líklega verða tölurnar hærri, en bara ótekjutengdu skattarnir voru samtals 14,1 milljarðar árið 2012.

Samkvæmt áætlun í fjárlagafrumvarpi ársins 2014 mun bankaskatturinn hækka úr 2 milljörðum í 9 milljarða. Þá verða ótekjutengdir skattar á starfandi fjármálafyrirtæki komnir í samtals 23 milljarða. Ef þessar áætlanir ríkisstjórnarinnar ganga eftir þá verða heildar skattar og gjöld íslenskra fjármálafyrirtækja hærri en greidd laun þessara sömu fyrirtækja árið 2014. Það þarf engin önnur starfsstétt eða önnur fyrirtæki að búa við sambærileg starfsskilyrði!

Friðbert Traustason, formaður SFF



*Gleðileg jól
og farsælt komandi ár.*

*Þökkum ánægjulegt samstarf á árinu.
Starfsmenn og stjórn SSF*

NÝR ÚTIBÚSSTJÓRI LANDSBANKANS



Sigríður Birgisdóttir hefur verið ráðin útibússtjóri Landsbankans á Höfn í Hornafirði og tók hún við stöðunni 1. desember. Sigríður lauk námi í Vottun fjármálaráðgjafa vorið 2012 og á einnig að baki nám í viðskipta- og fjármálafræðum.

„Sigríður hóf fyrst störf hjá Landsbankanum á Höfn í Hornafirði í janúar 1982. Hún hefur starfað þar nánast óslitið síðustu 25 ár og á þeim tíma tekið þátt í ýmsum sérverkefnum um allt land á vegum bankans. Sigríður er fædd 1962. Hún er gift Guðmundi Ólafssyni, trésmíðameistara og eiga þau þrjá uppkomna syni“ segir í tilkynningu bankans.

MINNUM Á

RAFRÆNA LAUNASEÐLA

Þegar félagsmaður fær greiddan styrk úr sjóðum SSF er um leið sendur rafrænn launaseðill í netbanka viðkomandi. Það er gott að hafa í huga þegar spurningar vakna um greiðslurnar. Bendum einnig á að best er að fylgjast með innborgunum í netbankanum.

VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Að SSF er aðili að VIRK starfsendurhæfingarsjóði og eiga félagsmenn SSF því möguleika á að nýta sér þjónustu sjóðsins. Sjá nánar á www.virk.is



Frá námskeiði í samningatækni. f.v. Ragnhildur, Jóhanna Kristín, Sigurlaug og Guðríður

TRÚNAÐARMANNANÁMSKEIÐ SSF

SSF HÉLT TRÚNAÐARMANNANÁMSKEIÐ IV DAGANA 17. OG 18. OKTÓBER SL. Á HÓTEL ÖRK Í HVERAGERÐI. Á NÁMSKEIÐIÐ MÆTTU 29 AF REYNDUSTU TRÚNAÐARMÖNNUM SSF

MIKILVÆGI TRÚNAÐARMANNANÁMSKEIÐA FYRIR TRÚNAÐARMENN ER UMTALSVERT OG ER LEITAST VIÐ AÐ VERA MEÐ FRÆDSLUM SEM GAGNAST FÓLKI. Rósa Jennadóttir, umsjónarmaður sjóða og trúnaðarmannanámskeiða SSF, segir að ekki sé síður mikilvægt að námskeiðin skapi „vettvang fyrir trúnaðarmenn til að koma á framfæri því sem brennur á fólki, kynnast og ræða málin.“

Fyrri dag námskeiðsins var fjallað um samningatækni. Elmar Hallgrímsson, ráðgjafi hjá Advance, hélt þar fyrirlestur og gerði það á mjög lifandi og skemmtilegan hátt. Eftir fyrirlesturinn hófst hópavinna sem var gagnleg og afar skemmtileg að mati trúnaðarmanna.

Seinni dagurinn fór í vinnu sem sneri að endurútgáfu handbókar trúnaðarmanna. Handbók trúnaðarmanna var síðast gefin út árið 1994 og hefur í gegnum árin þjónað góðum tilgangi og gagnast starfsfólki og trúnaðarmönnum SSF vel en mikið af efni bókarinnar þarfnast uppfærslu og því hefur SSF ákveðið að endurútgefa handbókina. Það er mikilvægt að handbókin nýtist trúnaðarmönnum sem best og því eru engir betri til að aðstoða við þá vinnu en trúnaðarmennirnir sjálfir. Margar gagnlegar og góðar hugmyndir komu fram sem eiga eftir að nýtast við útgáfu bókarinnar. Áætlað er að bókin komi út á fyrstu mánuðum nýs árs.

Að lokum voru umræður um komandi kjarasamningsviðræður og farið yfir hverjar megináherslur SSF ættu að vera við gerð nýrra kjarasamninga. Unnið var í vinnuhópum við það að forgangsraða og ræða áherslupunkta kjarasamningsviðræðanna.

Samkvæmt könnunum SSF eru trúnaðarmenn SSF almennt ánægðir með trúnaðarmannanámskeiðin og telja námskeiðin koma að góðum notum fyrir þeirra störf.



Elmar Hallgrímsson, ráðgjafi hjá Advance



Lára, Guðmunda og Eva



Trúnaðarmenn SSF f.v. Gumunda, Eva, Lára, Ingibjörg Helga, Hannes Jón og Vigdís



Kristín, Hulda, Þórný og Inga



Olga, Anna, Daldís og Brynhildur



Trúnaðarmenn SSF telja námskeiðin gagnleg fyrir störf sín og hafa ánægju af þeim



Fylgst grannt með þróun efnahagsmála.

FORMANNAFUNDUR SSF

FORMANNAFUNDUR SSF VAR HALDINN DAGANA 7. OG 8. NÓVEMBER SL. Á HÓTEL ÖRK Í HVERAGERÐI. FORMANNAFUNDIR ERU HALDNIR TVISVAR Á ÁRI EN ÞAR ER FARIÐ YFIR STÖRF STJÓRNAR SSF OG STARFIÐ MARKAÐ EN FORMANNAFUNDIRNIR ERU EINNIG KJÖRINN VETTvangur TIL AÐ STYRKJA TENGLIN MILLI AÐILDARFÉLAGANNA OG STJÓRNAR SSF. FUNDINA SITJA FORMENN ALLRA AÐILDARFÉLAGANNA, EÐA VARAMENN ÞEIRRA.

EFTIR RÚTUFERÐ FRÁ SKRIFSTOFU SSF AÐ NETHYL HÓFST FORMANNAFUNDURINN Á FRÓÐLEGU ERINDI UM EFNAHAGSMÁL SEM ÞORVARÐUR TJÖRVI ÓLAFSSON, HAGFRÆÐINGUR Á HAGFRÆÐI- OG PENINGASTEFNUSVIÐI SÆDLABANKANS, FLUTTI. Í lok erindisins var opnað fyrir umræður og fyrirspurnir.

Eyþór Eðvarðsson, stjórnendabjálfi og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun, flutti svo síðara erindi dagsins *Að róa yfir Atlantshafið* en í því erindi fjallaði Eyþór um hvernig ber að mæta áskorunum og breytingum en hann réri einmitt yfir Atlantshafið á árinu. Eyþór er einn af fjórum Íslendingum sem réru óstuddir frá Noregi til Íslands með viðkomu á Orkneyjum og Færeyjum. Á næsta ári, 2014, hyggst hópurinn ljúka róðrarferðinni með því að róa til Grænlands og þaðan til Kanada. Þessi sjóleið, þ.e. frá Noregi til Kanada með viðkomu á áðurtöldum stöðum, er ein sú erfidasta sem hægt er að fara róandi og hafði engum tekist það ætlunarverk fyrr en Eyþór og félagar hans héldu af stað í leiðangurinn. Erindi Eyþórs var afar áhugavert og skemmtilegt að mati félagsmanna.

Deginum lauk svo á ánægjulegum hátíðarkvöldverði og skemmtilegri kvöldstund. Næsta dag var svo unnið í hópavinnu m.a. við að skerpa á áherslum nýrrar trúnaðarmannahandbókar og stefnan við gerð nýrra kjarasamninga mörkuð.

UNDIRBÚNINGUR KJARASAMNINGSVIÐRÆÐNA


Í tengslum við gerð nýrra kjarasamninga fór Friðbert Traustason, formaður SSF, yfir viðræðuáætlunina og helstu áherslur SSF. Hann sagði forsendur núverandi kjarasamnings ekki hafa staðist og bæri þar helst að nefna verðbólguþáttinn. Hann sagði framkvæmdir upp á 200 milljarða ekki hafa staðist og þar af leiðandi ekki stöðuleikamarkmiðið. „Að öllu óbreyttu eru ekki forsendur til annars en að semja til skemmri tíma“ sagði Friðbert en hann telur óvissuna vera of mikla til að hægt sé að semja til lengri tíma. Hann gerði fastlaunasamninga að umtalsefni sínu sem hann telur mestu núverandi ógn kjaramála félagsmanna SSF en hann telur fastlaunasamningana vera „nú tíma þrælahað“. Hann sagði fundargestum að beina því til félagsmanna að þeir leiti upplýsinga á skrifstofu SSF eða hjá trúnaðarmönnum SSF áður en skrifað er undir nýjan ráðningarsamning eða breytingasamning á ráðningarsamningi, sérstaklega ef um fastlaunasamning er að ræða.

Að loknu erindi Friðberts var unnið í hópavinnu þar sem skerpt var á megin áherslum SSF við gerð nýrra kjarasamninga.

Formannafundurinn þótti hafa heppnast vel. Góð mæting var frá aðildarfélögum SSF og uppbyggilegar umræður áttu sér stað um starfsemi SSF og áherslur.



Ragnar Sigurðsson, ritstjóri SSF, og Hilmar Vilberg Gylfason, fjármálastjóri SSF, að loknum hádegisverði á Hótel Örku.



Þorvarður Tjörvi Ólafsson, hagfræðingur á hagfræði- og peningastefnusviði Seðlabankans, fór yfir þróun efnabagsmála fyrir og eftir brun.



MINNUM Á

ÍBÚÐ STYRKARSJÓÐS

Íbúðin er ætluð félagsmönnum SSF og fjölskyldum þeirra, sem vegna alvarlegra veikinda þurfa að leita læknishjálpar á spítala og/eda þurfa að mæta á göngudeildir eða í endurhæfingu spítalanna. Sólarhringsgjald íbúðar er kr. 1.500. Innifalið er þrif, rúmföt og handklæði. Félagsmenn sem óska eftir að sækja um dvöl í íbúðinni vinsamlegast hafið samband við Hilmar Gylfason í síma 540-6100 eða með tölvupósti á netfangið hilmar(hjá)ssf.is.

AÐ STYRKIR ÚR SJÓÐUM SSF ERU FRAMTALSSKYLDIR Á SKATTFRAMTALI

Athugið að greiðslur úr styrktarsjóði eru skattskyldar, en aðeins er tekin staðgreiðsla af sjúkradagpeningum, ekki almennum styrkjum svo skattur af þeim greiðist í álagningu næsta árs. Hægt er að færa frádrátt á móti styrkjum úr Menntunarsjóði SSF.

AÐ EKKI ER HÆGT AÐ FÁ ENDURGREIÐSLU VEGNA REIKNINGA SEM ERU ELÐRI EN 12 MÁNAÐA



ÞINN MAÐUR Á RÉTTUM STAÐ

TRÚNAÐARMAÐURINN ER TENGILIÐUR STARFSFÓLKS OG ATVINNUREKANDANS. HONUM ER ÆTLAÐ AÐ AUÐVELDA SAMSKIPTI MILLI ÞESSARA AÐILA, ENDA Á HANN AÐ EIGA GREIÐA LEIÐ AÐ UPPLÝSINGUM. Það að vera trúnaðarmaður krefst mikillar ábyrgðar og er krefjandi starf en á sama tíma mjög gefandi og skemmtilegt.

NOKKUR ATRIÐI TIL AÐ HAFA Í HUGA

Á hverjum vinnustað, þar sem starfandi eru a.m.k. 5 félagsmenn, er starfsmönnum heimilt að velja sér trúnaðarmenn SSF og starfsmannafélags fyrir þann vinnustað. Fjöldi þeirra er ákveðinn í samráði við SSE, hlutaðeigandi starfsmannafélag og viðkomandi fyrirtæki.

Trúnaðarmaður gætir þess að kjarasamningar séu haldnir og réttur starfsmanna sé í hvívetna virtur, einkum, vinnuvernd, öryggi, hollustuhættir og kjarasamningar.

Trúnaðarmaður gerir sitt besta til að skapa og viðhalda góðri samvinnu innan fyrirtækisins og leitast við að leysa hugsanleg ágreiningsefni. Þegar ágreiningur rís um samningsbundin kjör starfsmanna, réttindi eða skyldur, koma kjörnir trúnaðarmenn starfsmanna fram fyrir hönd starfshópa og aðstoða einstaklinga eftir því sem óskað er af starfsmanni eða banka.

Formaður starfsmannafélags, í samráði við stjórn þess og trúnaðarmannaráð, fylgist með og hefur tillögurétt um launabreytingar

og framkvæmd kjarasamninga. Fulltrúar starfsmannafélags eiga rétt á að koma á fundi bankastjórnar til þess að ræða málefni starfsmanna.

Fundir bankastjórnar, mannauðsstjóra, starfsmannastjóra og fulltrúa starfsmanna, um almenn hagsmunamál starfsfólks, skulu haldnir þegar annar hvor aðili óskar.

Ef trúnaðarmaður getur ekki leyst úr ágreiningsmáli stendur hann ekki einn. Hann fær stuðning frá samstarfsmönnum sínum og getur leitað til stjórnar starfsmannafélagsins og til SSE.

HVERT ER HLUTVERK TRÚNAÐARMANNSINS?

- Miðlar upplýsingum um félagstengd réttindi.
- Hefur formlegt umboð hópsins til að vera ráðgjafi og/eða milligöngumaður.
- Fylgist með málum sem geta haft áhrif á starf eða starfsumhverfi samstarfsmanna og gætir hagsmuna þeirra.
- Heldur góðu sambandi við starfsmenn og yfirmenn og ræðir við þá um sitt verksvið.
- Tekur með ýmsum hætti frumkvæði í málum sem geta stuðlað að því að viðhalda og efla liðsanda á vinnustað, svo sem með hvatningu og með því að koma í veg fyrir einelti.
- Er í hlutverki leiðsögumannsins – ratar í völundarhúsi kjarasamninga og þekkir leiðir til að finna svör ef vantar.

TIL HVERS ÞARF TRÚNAÐARMANN?

- Hann gætir þess að kjarasamningar séu haldnir og réttur starfsmanna sé virtur.
- Hann hefur þekkingu á túlkun kjarasamninga, og veit hvert þarf að snúa sér til þess að fá úrlausn.
- Hann er kjörinn til þess að aðstoða þegar ágreiningur rís um samningsbundin kjör starfsmanna, hvort sem óskað er af starfsmanni eða yfirmanni.
- Eins og kunnugt er getur verið erfitt að biðja um leiðréttingu á eigin málum. Látið trúnaðarmanninn vita af vandamálu ykkar og hann hjálpar ykkur að fá úrlausn.
- Ef starfsmaður er kallaður til fundar við yfirmann og starfsmaðurinn má ætla að fundarefnið snerti störf eða kjör hans með einhverjum hætti, hvort sem um er að ræða ráðningar- eða kjarasamningsbundin kjör eða réttindi skv. lögum og reglugerðum, þá er honum heimilt að hafa trúnaðarmann með sér á þann fund.
- Mikilvægt er að gagnkvæmt traust og trúnaður ríki.



SSF minnir á að kosningar trúnaðarmanna fara fram dagana 12.-13. febrúar 2014. Nánar verður hægt að fylgjast með framboðsreglum, kjöri og atkvæðagreiðslu á vef samtakanna, www.ssf.is

Skrifstofa SSF



Lífeyrisgáttin

ALLAR UPPLÝSINGAR UM ÖLL LÍFEYRISRÉTTINDI Á EINUM STAÐ

LÍFEYRISJÓÐIR LANDSINS OPNUÐU NÝVERIÐ AÐGANG AÐ LÍFEYRISGÁTTINI, NÝRRI LEIÐ SJÓÐFÉLAGA TIL AÐ FÁ Á EINUM STAÐ UPPLÝSINGAR UM ÁUNNIN LÍFEYRISRÉTTINDI SÍN Í SAMTRYGGINGARSJÓÐUM.

Í fréttatilkynningu frá Landssamtökum lífeyrissjóða segir að sjóðfélagar fái aðgang að Lífeyrisgáttinni á heimasíðum lífeyrissjóðanna og nota þar sama aðgangsorð og gildir fyrir sjóðfélagavefi.

„Algengt er að fólk eigi réttindi í mörgum lífeyrissjóðum, til

dæmis frá þeim tíma þegar það vann með námi hér og þar. Aðrir hafa skipt oft um starf á ferlinum og skipt þá gjarnan um lífeyrissjóð í leiðinni. Hingað til hafa sjóðfélagar fengið send yfirlit um hvar þeir eiga lífeyrisréttindi en orðið að sækja sjálfir upplýsingar um hver þau réttindi nákvæmlega eru frá fyrri tíð. Nú opnast þeim greið leið með Lífeyrisgáttinni að þessum upplýsingum“ segir í tilkynningu landssamtakanna.

STÝRÐU TÍMANUM



VIÐ VERÐUM FYRIR ÞRÝSTINGI ÚR ÖLLUM ÁTTUM. TÍMAHRAK ER HINN KALDI VERULEIKI OKKAR MARGRA OG LEIÐIR ÞAÐ TIL AUKINNAR STREITU. TIL AÐ LOSNA UNÐAN GREIPUM TÍMAHRAKSINS VERÐUM VIÐ SJÁLF AÐ SETJA MÖRKIN. EF VIÐ GERUM ÞAÐ EKKI GETUR ÞAÐ HAFT ALVARLEGAR AFLEIÐINGAR Í FÖR MEÐ SÉR.

AÐ KOMA Í VEG FYRIR KULNUN

„Margir ætla sér að vera bestir í öllu. Þeir ætla sér að ná langt í starfi, sitja í stjórn foreldrafélagsins í skóla barnanna og vera knattspyrnuþjálfarar. Hjá sumum er starfið mikilvægast, sama hvað það kostar, og öll þeirra orka fer í það. Óraunhæfar kröfur um að alltaf sé hægt að ná í mann leiða til stóraukins vinnuálags. Þegar svo á að eyða tíma með fjölskyldunni þá hefur maður ekki orku í það“ segir sálfræðingurinn Nils Erling Haugen. Hann er einnig menntaður hagfræðingur frá NKSÍ og BI og hefur 10 ára stjórnunarreynslu. Hann heldur meðal annars námskeið um það hvernig megi koma í veg fyrir stress og kulnun í starfi, og hann hefur séð hvaða afleiðingar það getur haft að ná ekki stjórn á ástandinu.

„Sé maður undir miklu álagi í langan tíma og hlustar ekki á líkamann þá lendar maður á endanum á vegg og það getur tekið langan tíma að jafna sig“ segir Haugen.

DRAGDU MÖRKIN

Lykillinn að því að forðast of mikið vinnuálag er að draga mörkin. Fólk svarar ótrúlega fljótt í símann ef hann hringir, eða svarar tölvupósti, jafnvel þó það sé í miðju samtali. En það ætti ekki að þykja sjálfsgott að fólk hætti því sem það er að gera til þess að svara í símann. Ef fólk kynni betur að draga mörkin þá væri hálfur sigur unnin, segir Haugen, sem heldur daglega námskeið um það hvernig maður nær aftur stjórn á eigin lífi. „Þátttakendur læra hvaða undirliggjandi sálfræðilegu þættir það eru sem hindra þá í að draga mörkin. Tilgangurinn er að læra að segja nei án þess að fá samviskubit eða finna til sektarkenndar.“

„Á þennan hátt hugsar maður vel um sjálfan sig og skapar þannig aðstæður sem bæði maður sjálfur og vinnuveitandi græða á. Það er eitthvað sem bæði starfsmenn og vinnuveitendur ættu að vilja. Þegar stjórnendur og starfsmenn læra um þetta saman er auðveldara að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða og komast að samkomulagi um hvers má ætlast til hvert af öðru“ segir Haugen.

SAMANLAGT ÁLAG

Það er samanlagt álag í vinnu og einkalífi sem er afgerandi. Ef einkalífið er í uppnámi höndlar maður minna vinnuálag.

„En það er öruggt að væntingar um að maður sé til reiðu allan sólarhringinn hafa áhrif og gera mann veikari fyrir. Oft er skilafrestur á verkefnum stuttur, til að mynda á maður helst að svara tölvupóstum um leið og þeir berast. Tilboð skulu út svo hratt sem auðið er og fólk finnur fyrir mikilli pressu. Þegar þetta bætist við annað álag sem fylgir því að vera til þá getur það einfaldlega orðið of mikið“ segir Haugen, og leggur áherslu á að ekki sé einungis um að ræða kröfur frá vinnuveitanda og öðrum fjölskyldumeðlimum.

„Oft snýst þetta að stóru leyti um kröfur sem við gerum til okkar sjálfra,“ segir hann. „Streita og kulnun í starfi eru oft tengd persónueiginleikum viðkomandi aðila. Oft er um að ræða samviskusama já-fólkið sem hefur í gegnum lífið lagt sig fram við að þóknast öðrum, á kostnað eigin þarfa. Erfiðleikar við að draga mörkin er ekki eitthvað sem skyndilega gerir vart við sig við 35 ára aldur.“

Á EIGIN ÁBYRGÐ

Sálfræðingurinn leggur þá ábyrgð á herðar hvers starfsmanns að draga mörkin.

„Maður verður að segja frá. Þú getur ekki gert ráð fyrir því að vinnuveitandi þinn sé skyggn. Það er mjög persónubundið hversu mikið við þolum án þess að hlutirnir fari úr böndunum. Það verður þú að þekkja sjálfur. Svo verðum við að vona að þegar vinnuveitendur tala um mikilvægi starfsmannasamtala og hreinskilni í samkiptum, þá sé það ekki bara fagurgali í hátíðarræðum, heldur meini þeir það sem þeir segja“ segir Haugen og bendir á að margir leggi jafnvel harðar að sér en þörf krefur.

Hann bætir því við að margir viti ekki til hvers er ætlast af þeim. Þeir hafa hreint út sagt ekki spurt vinnuveitandann að því. Svo eru þeir hræddir um að gera ekki nóg, en í raun og veru gera þeir meira en til er ætlast. „Ræddu við yfirmann þinn og fáðu það á hreint til hvers er ætlast af þér, í sameiningu getið þið fækkað á verkefnalistaum þannig að álagið sé ásættanlegt“, segir Haugen.

RÁÐ TIL AÐ DRAGA MÖRKIN

Að draga mörkin er eitt af því mikilvægasta sem þú getur gert til að vernda sjálfan þig gegn of miklu vinnuálagi. Það ætti því að vera edlilegt að segja nei, bæði þín vegna og vinnuveitandans. Það geta margar ástæður legið að baki því að þú hikar við að draga mörkin og því er mikilvægt að komast að því hver ástæðan er. Eru það tilfinningaleg viðbrögð þess sem þú segir nei við sem þú óttast? Óttastu kannski að sá sem þú segir nei við verði reiður eða sár? Ef sú er raunin verður þú að venja þig við að taka slíkum viðbrögðum. Ef það er óttinn við eigið samviskubit eða sektarkennd sem gerir það að verkum að þú veigrar þér við að draga mörkin, þá er oftast um að ræða falskt samviskubit og þú verður að læra að greina það frá alvöru samviskubiti.

Ef það er óttinn við að standa þig ekki sem heldur aftur af þér, þá verður þú að fá það á hreint til hvers er krafist af þér.

Er það óttinn við afleiðingar þess að segja nei sem stoppar þig? Það bendir til þess að þú óttist að á þig verði litið sem ósamvinnuþýðan eða sjálfsefskan ásamt því að þú óttast að það að segja nei geti heft starfsframa þinn, leitt til neikvæðs umtals eða höfnunar. Þá verður þú að meta hvort þessir hlutir séu þess virði að taka skellinn sem fylgir of miklu vinnuálagi. Það er sjaldgæft að þeir sem hafa kulnað í starfi líti til baka til þess tíma sem þeir unnu alltof mikið og hugsja með sér að það hafi verið þess virði.

Minntu sjálfan þig á að í hvert skipti sem þú tekur að þér verkefni þá ertu að sleppa því að gera eitthvað annað. Ekki láta ýta þér út í ný verkefni án þess að fá tíma til að íhuga hvaða verkefnum þú þarft að sleppa í staðinn. Ef þörf krefur geturðu beðið yfirmann þinn um aðstoð við að velja hvaða verkefni er rétt að sleppa. Þegar allt kemur til alls er þekking á eigin tilfinningum besta leiðin til að læra að segja stopp áður en svo mikils er krafist af þér að það gæti leitt til kulnunar í starfi.

Þessi grein er þýðing á grein sem birtist í Finans Fokus sem norska samband starfsmanna fjármála fyrirtækja gefur út. Greinin kom út í júniblaði Finans Fokus, 2013. Hólmur Örn Finnson þýddi.

MENNTUNARSJÓÐUR SSF

Markmið menntunarsjóðsins er að efla félagsmenn í starfi, gera þá að betri starfsmönnum og samkeppnishæfari á vinnumarkaði. Einnig skal sjóðurinn styrkja nám sem eflir félagsmenn til þátttöku í félagsstarfi

Umsóknarfrestur fyrir nám á sumar- eða haustönn er til 15. janúar ár hvert en til 15. júní vega vorannar.

Allar nánari upplýsingar og rafrænt umsóknarform era ð finna á heimasíðu félagsins, www.ssf.is.

The screenshot shows the website for the SSF (Starfsmanna Fjármála Fyrirtækja) Education Fund. The header includes the SSF logo, navigation links for 'Um SSF', 'Kjaramál', 'Styrktarsjóður', 'Menntunarsjóður', 'Trínaðarmenn', 'Bókasafn', and 'Fékkir'. The main content area features a large image of a rocky coastline with the title 'Styrktarsjóður SSF' and a description: 'Styrktarsjóður SSF er eign samtaka starfsmanna fjármála fyrirtækja. Sjóðurinn er mynduður af samningstunnum greiðum atvinnurenda. Í útlutunaregnum Styrktarsjóða kemur háttir fram um hlutverk hans.' Below this, there are three bullet points: 'Umsókn um almennt styrk', 'Umsókn um sjálfstjórnun', and 'Sanglyktir'. To the right, there is a section titled 'Styrktarsjóður SSF - Útlutunareglur' with a sub-heading 'Hér á eftir er upptæking á öllum styrkjum, sem hefur að sjálfsögðu um rú. Athugið er ukið á því að skilyrði fyrir styrkjum hafi en 100.000 kr. er að frágættur sé færslað og hafi greitt hléþingd í SSF í 12 mánaði.'

FJÖLBREYTT STARF STARFSMANNA- FÉLAGS ÍSLANDBANKA

STARFSMANNAFÉLAG ÍSLANDBANKA, SÍ, ER HAGSMUNA- OG KJARAFÉLAG STARFSMANNA SEM STUÐLAR AÐ GÓÐU VINNUMHVERFI OG JAFNRÆÐI. Í samstarfi við SSF vinnur félagið að kjaramálum og réttindum starfsmanna. Formaður félagsins kemur að viðameiri skipulagsbreytingum sem varða starfsmenn svo sem uppsögnum og aðstoðar við úrlausn erfiðra mála er varða samskipti, veikindi og starfslok. SÍ á einnig tvo kjörna fulltrúa í stjórn SSF, formaður SÍ, Anna Karen Hauksdóttir gegnir starfi varaformanns SSF og gjaldkeri SÍ, Oddur Sigurðsson er meðstjórnandi í SSF.

Starfandi innan SÍ eru áhugamannaklúbbar og er starfsemi klúbba niðurgreidd að hluta af SÍ en ýmist er innheimt félagsgjald eða þátttökugjald. Opið er fyrir alla félagsmenn og í sumum tilvikum fjölskyldur þeirra. Dæmi um klúbbastarf:

Golfklúbbur Starfsmannafélags Íslandsbanka, GOSÍGOSÍ, hefur verið starfandi í fjögur ár. Starfsemi Golfklúbbsins hefur fest sig í sessi í félagslífi bankans með reglulegum golfmótum og öðrum uppákomum. Allir starfsmenn Íslandsbanka sem greiða félagsgjöld í SÍ eru velkomnir í klúbbinn og geta þeir boðið mökum sínum og börnum undir 20 ára aldri aðild með sér.

Félagsaðild er tvennskonar, annarsvegar er það GOSÍ aðild í gegn um Golfklúbb Selfoss og hinsvegar aðild fyrir þá sem eru þegar í GOSÍ í gegnum sína heimaklúbba. Með því að bjóða GOSÍ aðild hefur golfstarfið eflst mikið og klúbbfélagar taka virkan þátt í félagsstarfi og fylgjast spenntir með sinni forgjöf á www.golf.is Mikill golfáhugi er innan bankans og er GOSÍ klúbburinn með samninga við fjölda golfvalla sem félagsmenn geta spilað á gegn vægu gjaldi. Þá hefur klúbburinn milligöngu um golfnámskeið að vetri.

GOLFMÓT GOSÍ

GOSÍ stendur fyrir 3 – 4 golfmótum yfir sumartímann og einnig bikarkeppni GOSÍ sem er mótaráð. Bikarkeppnin stendur allt sumarið og er keppt í nokkrum riðlum. Liðin samanstanda að af minnsta kosti tveimur og hámark fjórum klúbbfélögum og þurfa þeir að vera meðlimir í GOSÍ. Það lið sem stendur uppi sem sigurvegari fær nafnbótina Bikarmeistari GOSÍ.

Sumarmótin eru fjölbreytt og skemmtileg. Við byrjum árið jafnan á Texas Scramble móti þar sem óvanir sem vanir eru hvattir til að taka þátt. Svo koma tvö 18 holu mót þar sem keppt er í punktkeppni og fæstum höggum án forgjafar. Þessi mót eru opin öllum starfsmönnum Íslandsbanka ásamt mökum.



Golfmót Íslandsbanka Leirunni

GÖNGUKLÚBBUR SÍ

Síðastliðið ár var mjög fjölbreytt hjá Gönguklúbbi SÍ og mikið lagt uppúr því að höfða til sem flestra. Gengið var bæði á fjöll og um láglandi. Einnig var komið á fót útibúaáskorun síðastliðið haust hjá Hildi Gunnarsdóttur útibússtjóra á Seltjarnarnesi, gengið var um



Gönguklúbbur í Laugaveggöngu á leiðinni frá Emstrum

Vesturbæ og Seltjarnarnes með leiðsögumanni. Seltjarnarnesið skoraði í framhaldinu á Selfoss sem bauð í vorgöngu frá Stokkseyri að Eyrarbakka þar sem hópurinn endaði í Humarsúpu á Rauða húsinu. Mætingin var mjög góð en rúmlega hundrað manns tóku þátt. Reykjanesbær tók svo áskorun frá Selfossi og bauð upp á fallega haustgöngu um Stapagötu, gamla þjóðleið frá Vogum að Njarðvík og að sjálfsgöðu var endað í heitri kjötsúpu í Stapanum. Nú liggur boltinn hjá útibúinu á Akranesi sem mun skipuleggja næstu göngu. Síðastliðinn vetur var boðið uppá sérkjör fyrir starfsmenn í 10.000 metra áskorun Fjallafélagsins sem endaði með göngum á Hvannadalshnúk og Hrótsfjallstinda undir styrkri forystu Haraldr Arnar Haraldssonar. Við eigum von á að endurtaka þann leik aftur í vetur.

Síðustu helgina í júní gekk um 30 manna hópur Laugaveginn frá Landmannalaugum að Þórsmörk. Ferðin heppnaðist einstaklega vel og hefur verið ákveðið að bjóða aftur uppá svipaða ferð á næsta ári þar sem færri komust að en vildu. Í haust voru líka gengnar tvær gamlar þjóðleiðir, Síldarmannagötur frá Hvalfirði að Skorradal í september og Selvogsgatan í október.



Handavinnuklúbburinn að störfum

MATARKLÚBBUR SÍ

Matarklúbburinn er með fjölmennari klúbbum Starfsmannafélags Íslandsbanka og stendur fyrir ýmsum námskeiðum í matargerð á borð við grillnámskeið á vormánuðum, sushi námskeiðum sem alltaf eru vinsæl, jólakonfektinámskeið og ekki má gleyma árlegu sækera matarboði þar sem færri komast að en vilja.

HANDAVINNUKLÚBBUR SÍ

Handavinnuklúbburinn er elsti starfandi klúbbur bankans. Klúbburinn byrjaði upphaflega sem bútasaumsklúbbur en hefur þróast út í allskonar handavinnu. Klúbbsfélagar mæta einu sinni í mánuði eftir vinnu og sitja við fram yfir kvöldmat. Eftirlaunaþegar hafa haft kost á að mæta og hefur klúbburinn notið góðs af reynslu þeirra í handavinnu.

SJÓSUNDSKLÚBBUR SÍ

Ofurhugar mæta einu sinni til tvisvar í mánuði í Nauthólsvík og stinga sér til sunds, hvernig sem viðrar. Klúbburinn hefur verið ötull við að kynna starfsmönnum kosti sjósunds og hvetja til þátttöku.

VEIÐIKLÚBBUR SÍ

Markmiðið með klúbbnum er að efla veiðisportið innan bankans, tengja saman alla þá fjölmörgu starfsmenn sem hafa áhuga á veiði og síðast en ekki síst að bjóða góð tilboð sem nýtast veiðimönnum og fjölskyldum þeirra. Allir starfsmenn sem greiða félagsgjöld í SÍ eru velkomnir í klúbbinn og er félagsgjald ekkert.

HUGLEIÐSLUKLÚBBUR SÍ

Hugleiðsluhópur Íslandsbanka hittist hálfsmánaðarlega. Hópurinn hefur fengið myndlistarmanninn Tolla til liðs við sig sem leiðbeinanda en hann hefur á liðnum árum kynnt hugleiðsluaðferðir og íhugun fyrir smærri og stærri hópum.

ÁNNÆÐ FÉLAGSSTARF

Félagsstarf SÍ er fjölskylduvænt og niðurgreitt af félaginu. Með því að hafa öflugt félagslíf er aukið á samheldni, vellíðan og vinnugleði. Þeir viðburðir sem félagið stendur fyrir í samvinnu við Íslandsbanka er m. a. árshátíðin sem er stærsti viðburður innan bankans.

Síðustu ár hefur Stefnumótunarfundur verið haldinn sama dag og árshátíð og hefur það gefist vel. Aðrir viðburðir eru Fjölskyldudagur, Fjölskyldubingó í Vinabæ um jól og páska, Jólaball á Broadway fyrir alla fjölskylduna, Keilumót, Skautadagur og fleira. Félagsstarf eftirlaunaþega SÍ er einnig starfrækt á ári hverju, eftirlaunaþegar hafa aðgengi að orlofshúsum og farið er í dagsferð einu sinni á ári í samstarfi við Mannauðssvið.

Starfsmenn eiga ekki allir möguleika á því að mæta á viðburði SÍ vegna fjarlægðar frá höfuðborginni en þá hafa skemmtinefndir útibúa á landsbyggðinni verið duglegar við að taka sig saman og halda svipaða viðburði í sínu útibúi og fengið viðburðinn niðurgreiddan af SÍ eins og þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Þar má meðal annars nefna bingó, skautadag og jólaball.

SÍ hefur yfir að ráða 20 sumarhúsum og íbúðum á víð og dreif um landið. 14 eru á Suðurlandi, 4 á Norðurlandi, 1 á Austurlandi og 1 á Vestfjörðum. Hafa starfsmenn nýtt sér þessi húsnæði vel.



Ofurhugar sjósundsklúbbsins að búa sig undir sund í Nauthólsvík



*STARFSMENN FJÁRMÁLAFYRIRTÆKA VINNA AÐ
MEDALTALI 15 VIRKA DAGA Á ÁRI ÁN LAUNA.
ÞETTA SÝNA NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR
VIÐSKIPTAHÁSKÓLANS BI, SEM FRAMKVÆMD VAR
FYRIR FINANSFOBUNDET. STARFSMENN HEFÐU
ÁTT AÐ FÁ GREIDDA YFIRVINNU FYRIR HINA FÖLDU
VINNU.*

VINNA LAUNALAUST 15 VIRKA DAGA Á ÁRI



Það er orðið algengt að starfsmenn fái afhenta snjallsíma og fartölvur frá vinnuveitanda sínum, sem í staðinn ætlast til þess að alltaf sé hægt að ná í viðkomandi starfsmann. Þetta veitir starfsmanninum aukinn sveigjanleika að því er varðar starfstílhögun, en skilin milli vinnu og frítíma verða að sama skapi óljósari. Samtök norskra starfsmanna fjármálafyrirtækja hafa gert ráð fyrir því að falin vinna eigi sér stað innan fjármálafyrirtækja, án þess að hafa búið yfir upplýsingum um mögulegt umfang hennar.

BRAUTRYÐJANDASTARF VIÐSKIPTAHÁSKÓLANS BI

Viðskiptaháskólanum BI var falið það verkefni að framkvæma stóra könnun á umfangi falinnar vinnu. BI unnu brautryðjandastarf á þessu sviði, en viðlíka könnun hefur ekki verið framkvæmd áður.

„Niðurstöðurnar staðfestu grunsemdir okkar, en umfang falinnar yfirvinnu í okkar starfsgrein var meira en við töldum“ segir Pál Adrian Hellman, formaður Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja í Noregi.

Markmiðið með könnuninni var að auka þekkingu á falinni vinnu. Norsku samtökin búast við því að stjórnendur fyrirtækja taki niðurstöðum könnunarinnar af fullri alvöru og bregðist við þeim í samstarfi við fulltrúa stéttarfélagansins. Markmiðið hljóti að vera að lágmarka umfang falinnar vinnu innan hvers fyrirtækis fyrir sig.

HVERS VEGNA SINNA MENN FALINNI VINNU?

Skýrslan sýnir að starfsmenn eru líklegri til að sinna falinni vinnu vegna ákveðinna aðstæðna svo sem þegar þeir upplifa starfsóryggi, vegna innri hvata, vegna krafna um að bæta við sig menntun eða vegna sveigjanleika í starfi, það er hvar og hvenær starfinu er sinnt.

Margir starfsmenn upplifa óvissu um hvað framtíðin kann að bera í skauti sér. Það er eðlilegt í því ástandi sem nú ríkir þar sem endurskipulagningar og uppsagnir eru tíðar. Starfsmenn vinna meira ef þeir hafa áhyggjur af því að missa vinnuna, það á líka við um falda vinnu.

Könnunin leiddi þó einnig í ljós jákvæðar niðurstöður til að mynda að því er varðar þá innri hvatningu sem margir meðlima norsku samtakanna greindu frá. Rannsóknin sýndi fram á að innri hvatning leiðir til þess að starfsmenn sinntu meiri vinnu en krafist var af þeim. Innri hvatning er tilkomin vegna ánægju af því að sinna starfinu en ekki vegna launa.

Um það bil helmingur aðspurðra svaraði því til að nokkrum sinnum í mánuði eða oftar ættu þeir erfitt með að mæta þeim kröfum sem gerðar eru um vinnuframlag án þess að vinna meira en þeir fengu greitt fyrir.

Það er ekki óeðlilegt að ætla að nýjir starfsmenn sinni meiri falinni vinnu en þeir sem hafa starfað lengur innan fyrirtækisins en könnunin sýndi hins vegar ekki fram á samhengi milli starfsaldurs og fjölda falinna vinnustunda.

KEMUR SSF EKKI Á ÓVART

”Könnunin kemur mér ekki á óvart“ segir Friðbert Traustason, formaður SSF. ”Ég held að umfang falinnar vinnu sé jafnvel meira hjá þessum sömu hópum hér á landi. Mikið af vinnunni er örugglega unnin af einskærum áhuga starfsmanna á starfi sínu og framþróun fyrirtækisins.“ Friðbert segir nauðsynlegt að kanna þessi mál betur hér á landi og hefur SSF leitað til Ástu Snorradóttur, starfsmanns rannsókna – og heilbrigðisdeildar Vinnueftirlitsins. Ásta hefur verið að starfa undanfarin misseri fyrir SSF m.a. við gerð kannana og úrvinnslu um líðan starfsmanna, vinnuálag, starfsánægju o. fl.

AUGLJÓST SAMHENGI

Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að falin vinna hafi neikvæðar afleiðingar fyrir bæði starfsmenn og atvinnuveitendur. Falin vinna leiðir til kulnunar í starfi, árekstra á vinnustað og innan fjölskyldunnar og starfsleiða.

Samhengi milli falinnar vinnu og kulnunar er augljóst. Falin vinna leiðir til þess að starfsmenn fyllast þreytu og vonleysi og verða uppgefnir. Einbeitingarleysi gerir einnig vart við sig, sem hefur í för með sér neikvæðar afleiðingar bæði fyrir starfsmenn og vinnuveitendur.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar eru það sölufulltrúar, forritarar og fyrirtækjaráðgjafar sem sinna mestri falinni vinnu, almennt skrifstofufólk gerir það hins vegar í minna mæli.

Athygli vekur að samkvæmt könnuninni telja karlar sig sinna meiri falinni vinnu en konur. En ef litið er til þeirrar viku, þegar falin vinna var mæld í tengslum við könnunina, kemur hins vegar í ljós að ekki er markverður munur milli karla og kvenna í þessu sambandi.

FRÓÐLEGT FYRIR ALLA

Rannsóknarniðurstöðurnar eru áhugaverðar fyrir stóran hluta atvinnulífsins, ekki bara fjármálafyrirtækin.

„Við teljum að falin vinna fari einnig fram innan annarra atvinnugreina í þekkingariðnaðinum. Því eru skilaboð okkar til annarra skýr, aflið ykkur þekkingar. Ný ríkisstjórn hefur lýst því yfir að hún ætli sér að slaka á vinnulöggjöfni og stuðla að því að óslitinn vinnudagur verði meginreglan í atvinnulífinu. Í því sambandi er þekking á falinni vinnu, sem byggð er á rannsóknum, afar mikilvægt innlegg í umræðuna“ segir formaður norsku samtakanna.

Það telst falin vinna þegar starfsmaður notar tíma sinn í þágu atvinnuveitanda án þess að fá greitt fyrir það yfirvinnukaup eða fá að taka út fri í stað unninna stunda. Falin vinna getur falist í því að svara vinnutengdum símtölum eða tölvupóstum utan vinnutíma.

UM KÖNNUNINA

Það telst falin vinna þegar starfsmaður notar tíma sinn í þágu atvinnuveitanda án þess að fá greitt fyrir það yfirvinnukaup eða fá að taka út fri í stað unninna stunda. Falin vinna getur falist í því að svara vinnutengdum símtölum eða tölvupóstum utan vinnutíma.

KÖNNUNIN VAR SEND Í TÖLVUPÓSTI TIL 23.000 STARFSMANNA FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA OG TRYGGINGARFÉLAGA.

- Í fyrri hluta könnunarinnar var spurt hversu margar klukkustundir viðkomandi hefði eytt í falda vinnu í síðastliðinni viku.
- Í seinni hlutanum var spurt hversu margar klukkustundir viðkomandi taldi sig hafa eytt í falda vinnu á síðastliðnu ári.
- 6.571 svör bárust við fyrri hluta og 4.528 við seinni hlutanum.
- 97,6% svarenda voru fastráðnir.
- 68,3% störfuðu fyrir fjármálafyrirtæki og 24,5% fyrir tryggingafélag.
- 11,4% voru í stjórnendastöðu,
- Meðalaldur svarenda var 48,4 ár.

MEGIN NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNARINNAR

- Umfang falinnar vinnu er mest meðal ungra karlmannna, starfsmanna efri hluta launabreypanna og þeirra sem hafa mesta menntun.
- Umfang falinnar vinnu eykst í takt við starfsóöryggi, innri hvata, kröfur um viðbótar menntun og sveigjanleika í starfi (með tilliti til þess hvar og hvenær starfsmenn sinna starfi sínu)
- Starfsmenn sinna falinni vinnu vegna þess að þeir kjósa að gera það (innri hvati) eða vegna utanaðkomandi pressu (þegar þeir upplifa starfsóöryggi og kröfur um að bæta við sig menntun)
- Það er skýrt sambengi á milli falinnar vinnu og neikvæðra afleiðinga bæði fyrir starfsmenn og vinnuveitendur: Kulnun, árekstar á vinnustað og innan fjölskyldunnar og starfsleiði.
- Sambengi milli falinnar vinnu og starfsleiða er mest hjá þeim starfsmönnum sem finnst vinnuveitandi ekki standa við loforð um sanngjörn laun og fríðindi.
- Sveigjanleiki hefur áhrif á neikvæðar afleiðingar falinnar vinnu: Ef starfsmönnum er frjálst að velja hvar og hvenær þeir sinna störfum sínum verða neikvæðar afleiðingar falinnar vinnu minni.
- Starfsmenn fjármálafyrirtækja sinna ívið meiri falinni vinnu en starfsmenn tryggingafélaga
- Söluáðgjafar sinna falinni vinnu mest en almennir skrifstofustarfsmenn minnst.

Þessi grein, að undanskyldum kaflanum um SSF, er þýðing á grein sem birtist í Finans Fokus sem norska samband starfsmanna fjármálafyrirtækja gefur út. Greinin kom út í 3. tbl. Finans Fokus, júlí 2013. Hólmur Örn Finnson þýddi.



LAUNAREIKNIVÉL FYRIR FÉLAGSMENN

Á heimasíðu SSF er nú hægt að skoða laun í fjármálafyrirtækjum, skv. launakönnunum SSF, miðað við tilteknar forsendur. Launareiknivélin er aðgengileg og auðveld í notkun og gagnast félagsmönnum SSF í að bera saman laun sín við meðaltal launagreiðslna fjármálafyrirtækja skv. fyrrgreindri könnun.

BYOD þýðir í stuttu máli að starfsmenn fyrirtækja taka með sér og nota sinn eigin vélbúnað í formi snjallsíma, fartölva og spjaldtölva á vinnustaðinn.



ÞITT EIGIÐ VINNUTÆKI

SNJALLSÍMAR, FARTÖLVUR, SPJALDTÖLVUR, ÖPP OG SAMFÉLAGSMÍÐLAR HAFA GJÖRBREYTT HREYFANLEIKA, AÐGENGI OG NEYTENDAVERNUN TIL HINS BETRA. BRING YOUR OWN DEVICE (BYOD) ER NÝJASTA STEFNAN

BRING YOUR OWN DEVICE, BYOD, ER STEFNA SEM MÁ REKJA AFTUR TIL ÁRSINS 2009. BYOD þýðir í stuttu máli að starfsmenn fyrirtækja taka með sér og nota sinn eigin vélbúnað í formi snjallsíma, fartölva og spjaldtölva á vinnustaðinn.

Segja má að BYOD hafi fyrst hafist fyrir alvöru þegar Apple kynnti sinn fyrsta iPhone og síðar iPad. Google og Microsoft hafa einnig lagt sitt á vogaskálarnar til BYOD-þróunarinnar en Apple og snjallsíminn þeirra, iPhone, hafa haft sérstaklega mikla þýðingu fyrir BYOD.

HVERS VEGNA BYOD?

Tæknin er í hraðri þróun og við erum stödd í miðri byltingu þegar kemur að því hvernig við nýtum hana. Þegar við sem einstaklingar tökumst á við notkun nýrrar tækni, hrifumst við af henni, tileinkum okkur kosti hennar og viljum gjarnan geta tekið hana með okkur í vinnuna. Einstaklingsframtak við nýtingu nýrrar tækni ásamt

Í Noregi heimila sex af hverjum tíu fyrirtækjum starfsmönnum að nota sín eigin tæki við vinnu, svo sem farsíma og spjaldtölvur, samkvæmt könnun sem framkvæmd var af Avanade.

aukinni notkun fyrirtækja á svokallaðri skýjaþjónustu hefur auðveldað innleiðingu BYOD. Fyrirtæki með góða tæknilega innviði geta þannig boðið starfsmönnum sínum upp á BYOD-lausnir, þar sem starfsmenn nýta sín eigin tæki til að tengjast fjölbreyttri þjónustu á netinu. Í dag notafæra 71 prósent alþjóðlegra upplýsingatæknifyrirtækja sér BYOD að einhverju leyti, samkvæmt niðurstöðum könnunar Pinterest.com, sem náði til 600 fyrirtækja. Í Noregi heimila sex af hverjum tíu fyrirtækjum starfsmönnum að nota sín eigin tæki við vinnu, svo sem farsíma og spjaldtölvur, samkvæmt könnun sem framkvæmd var af Avanade.

Algangast er að tengja snjallsíma við vinnunetfangið til að geta lesið tölvupóst í símanum. Fartölvur og spjaldtölvur eru einnig tengdar en ekki eru öll fyrirtæki sem heimila tenginu við þann búnað. Sum fyrirtæki hafa bannað það algjörlega á meðan önnur hafa heimilað slíkar tengingar.

Ein helsta áskorun tölvudeilda er hvernig eigi að þjónusta notendur þegar kemur að þeirra eigin tækjum. Tölvubúnaður sem starfsmenn óska eftir að nýta í starfi er af ýmsum toga og sífellt koma nýjar útgáfur á sjónarsviðið. Því getur það reynst flókið fyrir tölvudeildir fyrirtækja að finna út úr því hvort vandamál sem upp koma liggi í einkabúnaði starfsmanns eða tölvukerfi fyrirtækisins. Það er því krefjandi og tímafrekt fyrir tölvudeildir að bjóða upp á þjónustu á borð við BYOD.

ÖRYGGISÁHÆTTA

Hvernig eru öryggismálin í kringum BYOD? Samskipti fyrirtækja fara í síauknum mæli fram á rafrænan hátt og viðkvæmar upplýsingar eru æ oftast vistaðar í tölvuskýjum. BYOD-búnaður án nægjanlegra öryggisráðstafanna sem gleymist á ferðalagi eða er stolið getur haft í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir fyrirækið og leitt til þess að viðkvæmar upplýsingar komast í rangar hendur. Það er ómögulegt fyrir fyrirtæki að tryggja að starfsmenn nýti sér örugga innskráningu í eigin smartsíma, spjaldtölvur og fartölvur. Að mati Gartner Inc., sem er leiðandi tækniráðgjafarfyrirtæki á heimsvísu, getur verið hættu á að notendur sækji sér skaðleg öpp eða fari á netsíður sem geta nýtt sér öryggisveitur til að koma fyrir skaðlegum hugbúnaði á borð við njósna-hugbúnað. Að auki er það áhættusamt að einkatölvubúnaður sé oft notaður utan öruggs netkerfis fyrirtækisins. Þá er einnig hættu

BRING YOUR OWN DEVICE

STAÐREYNDIR OG LYKILTÖLUR

- 71% fyrirtækja bjóða upp á BYOD að einhverju leyti.
- Árið 2014 verður hver starfsmaður með 3,3 nettengd tæki.
- 43% fyrirtækja hafa sett saman BYOD öryggisáætlun.
- 50% fyrirtækja sem notast við BYOD láta starfsmenn standa straum af öllum kostnaði við tækjakaup.
- Fjöldi spjaldtölva, sem fyrirtæki afhenda starfsmönnum, mun aukast um 50% á ári næstu árin.
- 73% þeirra sem nota spjaldtölvu á vinnustað, nota hana til að vafra á netinu.
- 69% þeirra sem nota spjaldtölvu, nota hana til að lesa og skrifa tölvupóst.
- 67% þeirra sem nota spjaldtölvu, nota hana til fjarvinnu.

BYOD tölvfræði 2012. Grunnur: Alþjóðleg könnun meðal 600 upplýsingatæknifyrirtækja. Heimild: www.pinterest.com

á að eldveggir séu ekki nægilega öryggir þegar búnaður er tengdur að heiman eða á ferðalagi. Öryggismál eru því mikil áskorun fyrir tölvudeildir þegar kemur að BYOD-væðingunni.

BYOD Í FJÁRMÁLUM

Í fjármálagæiranum eru að eiga sér stað breytingar frá hefðbundnum lausnum til nýrra leiða við nýtingu tækni og upplýsinga við verðmætasköpun.

Fjármálagæirinn er þekkingariðnaður. Þegar aðgangur að þekkingu er mikilvægur eykst þörfin á að hafa upplýsingar aðgengilegar á sem auðveldastan hátt á fartölvum, farsímum og öðrum rafrænum búnaði. Gott aðgengi að uppfærðum upplýsingum er mikilvægt til að geta fylgst með þróun á mörkuðum. Tækni, þekking og mannauður er helsta samkeppnisforskot fyrirtækja og skapar verðmæti í fjármálagæiranum. Í þekkingarmiðuðum og skilvirkum iðnaði verða farsímar og önnur farandtæki stöðugt mikilvægari til að viðhalda samkeppnishæfni og ná árangri.

Við bjóðumst því til að vinna fjótleg vinnutengd verkefni í frítíma okkar gegn því að hafa möguleika á að eiga samskipti við fjölskyldu og vini á vinnutíma. Mörgum þykir sveigjanleikinn við BYOD stór kostur.

KOSTIR OG GALLAR

BYOD eykur aðgengi, skilvirkni og hreyfanleika. Í samkeppnismiðuðu vinnuumhverfi eru það kostir fyrir starfsmenn að geta tekið með sinn eigin búnað svo auðveldara sé að ná í þá og þeir geti fyrr sinnt verkefnum sem þarfnast úrlausnar. Við getum svarað tölvupóstum á ferðinni, á fundum, á ferðalögum og í frístundum. Bilið á milli vinnu og einkalífs þurrkast út og við getum auðveldar ráðstafað tíma okkar eftir eigin hentugleika. Við bjóðumst því til að vinna fjótleg vinnutengd verkefni í frítíma okkar gegn því að hafa möguleika á að eiga samskipti við fjölskyldu og vini á vinnutíma. Mörgum þykir sveigjanleikinn við BYOD stór kostur.

Með sérsniðnum einkabúnaði eiga starfsmenn auðveldar með að öðlast nýja þekkingu og nýta hana á skilvirkan hátt í störfum sínum.

BYOD er einnig notendavænt. Við lærum smám saman að sníða tölvubúnaðinn eftir eigin óskum og þörfum. Þetta gerir tölvubúnað okkar persónubundnari – við þekkjum hann vel og hann er einfaldur í notkun. Þá er það einnig kostur að BYOD gerir það auðveldara að nýta þekkingu hvers og eins starfsmanns betur. Með sérsniðnum einkabúnaði eiga starfsmenn auðveldar með að öðlast nýja þekkingu og nýta hana á skilvirkan hátt í störfum sínum.

Það eru einnig þrír kostir við BYOD sem atvinnurekendur njóta góðs af. Fyrst og fremst stuðlar BYOD að aukinni skilvirkni og gæðum í starfi en að auki stendur starfsmaðurinn straum af kostnaði við tækjakaup. BYOD hefur einnig ókosti í för með sér, eða öllu heldur áhættur. Við höfum þegar farið yfir öryggisáhættur og þörf fyrir mannfreka tölvuástoð en einnig getur öryggisafritun og vistun gagna verið vandkvæðum bundin.

Aukið aðgengi þurrkar út mörkin á milli vinnu og einkalífs. Auðveldara aðgengi getur haft í för með sér mikið vinnuálag, streitu og falda vinnu.

STREITA OG FALIN VINNA

Fyrir starfsmenn geta kostir BYOD fljótt snúist upp í andhverfu sína. Aukið aðgengi þurrkar út mörkin á milli vinnu og einkalífs. Auðveldara aðgengi getur haft í för með sér mikið vinnuálag, streitu og falda vinnu. Starfsmönnum með aðgang að vinnunetfangi í einkatölvubúnaði geta fundist þeir skyldugir til að skoða, lesa og svara tölvupóstum í frítíma sínum, ásamt því að inna af hendi þá vinnu sem þeim kann að fylgja. Það er ástæða til að ætla að starfsmenn í fjármálagæiranum finni fyrir mikilli pressu og samkeppni við samstarfsmenn vegna tíðra uppsagna uppá síðakastið. Það getur leitt til þess að starfsmenn taki að sér fleiri verkefni, vinni á skilvirkan hátt og sinni falinni vinnu, til að eiga síður hættu á að verða sagt upp ef til uppsagna kemur innan fyrirtækisins. BYOD getur því leitt til streitu og falinnar vinnu. Þetta getur leitt til slæms vinnuumhverfis sem einkennist af óeðlilega miklu vinnuálagi, samkeppni milli starfsmanna og ótta. Þegar verst lætur geta starfsmenn kulnað í starfi, orðið veikir eða sagt upp störfum. BYOD gæti þannig orðið einn af fleiri samvirkandi þáttum sem hafa í för með sér slæmar afleiðingar fyrir bæði starfsmenn og viðkomandi fyrirtæki.

BYOD ER KOMIÐ TIL AÐ VERA

Á heildina litið fylgja BYOD margir kostir, bæði fyrir fyrirtæki og starfsmenn þeirra. Það er ástæða til að ætla að BYOD verði enn algengara á komandi árum, sérstaklega meðal fyrirtækja í þekkingariðnaði. Tækniþróunin mun færa okkur nýjan öryggishugbúnað til að takast á við vandamál tengd öryggi í BYOD lausnum. Í tillögum Gartner er mælt með því að notast við sérstakt stjórnkerfi til að stýra notkun farandtækja (e. Mobile Device Management – MDM). Samkvæmt Gartner ætti aðeins að veita starfsmönnum aðgang að gögnum fyrirtækisins, á eigin tölvubúnaði, ef þeir samþykka að settur sé upp hugbúnaður sem veitir tölvudeild fyrirtækisins fjaradgang. Þannig er hægt að setja upp nauðsynlegan öryggisbúnað og uppfæra hann eftir þörfum án þess að viðkomandi starfsmaður þurfi að afhenda búnaðinn.

Það er þó ekki víst að öll fyrirtæki muni nýta BYOD því líklegt er að mörg fyrirtæki kjósi að láta starfsmönnum í té þá farsíma, fartölvur, spjaldtölvur eða annan búnað, sem vinsælastur er hverju sinni, til notkunar á vinnustaðnum. Þannig er öryggi búnaðarins betur tryggt og að sama skapi minnkar álag á tölvudeildir. Það er hins vegar ljóst að fyrirtæki sem bjóða uppá BYOD eða nýjasta tölvubúnað hverju sinni munu laða að sér hæft starfsfólk. Í þekkingariðnaði skapa tækni, þekking og mannauður augljóst samkeppnisforskot og sker úr um það hver skarar fram úr.

Þessi grein er þýðing á grein sem birtist í Finans Fokus sem norska samband starfsmanna fjármálafyrirtækja gefur út. Greinin kom út í 1. tbl. Finans Fokus, 2. febrúar 2013. Hólmar Örn Finnson þýddi.



FRÉTTAANNÁL SSF 2013



Í fréttánnál SSF er farið yfir það helsta sem gerðist á árinu hjá SSF. Þá er stiklað á stóru á sviði bankamála og viðskipta – og efnahagsmála. Jafnframt er leitast við að birta helstu tíðindi á sviði menningarmála og einnig annað markvert sem gerðist á sviði þjóðmálanna.

Annállinn inniheldur ekki tæmandi lista yfir fréttæmustu viðburði ársins en gefur ágætis nasasjón af því helsta sem gerðist innanlands á árinu sem er að líða.

Við vinnslu og heimildaöflun annálsins var notast við vef Fjölmíðlavaktarinnar, fréttavef RÚV, Morgunblaðsins og Viðskiptablaðsins.

JANÚAR



STJÓRN



MÁL

1 SÍÐASTA ÁRAMÓTAÁVARP JÓHÖNNU SIGURÐARDÓTTUR SEM



FORSETISRÁÐHERRA VAKTI ATHYGLI Á NÝÁRSDAG. Í ávarpinu gagnrýndi hún óvægna umræðu á nýkvöddu ári. Sagði hún að Íslandi hefði tekist að endurreisa landið efnahagslega „án stórkostlegra uppþota, verkfalla og átaka eins og raunin hefur verið í öðrum löndum“ en þrátt fyrir það hefði öll umræða einkennst af heift og átökum.

ÁRAMÓTAÁVARP FORSETA ÍSLANDS, ÓLAFS RAGNARS GRÍMSSONAR, ÞÓTTI ÓVENJU PÓLÍTIKT OG GAGNRÝNDU ÝMSIR STJÓRN MÁLAMENN VINSTRIFLOKKANNA ÁVARPIÐ FYRSTU DAGA ÁRSINS. Virtist ávarpið fara sérlega fyrir brjóstið á mörgum og kallaði t.a.m. núverandi varaformaður Vinstri Grænna, Björn Valur Gíslason forsetann „bjána“. Ástæðan var gagnrýni forsetans á stjórnarskrármálið og sagði hann að henn teldi að málið væri komið í öngstræti og beinlínis varaði við stjórnkerfisbreytingum.



ANNAÐ



1 VESTFIRÐIR BYRJUÐU ÁRIÐ Á KAFI Í SNJÓ EFTIR MIKLA ÚRKOMU SÍÐUSTU DAGA ÁRSINS 2012. Snjóflóðahættu var lýst yfir víða á Vestfirðum og mikil ófærð var á svæðinu. Þá var rafmagnsflaut hjá mörgum Vestfirðingum frá gamlársdegi og vel fram á nýársdag.

3 NÝR STARFSMAÐUR, RÓSA JENNADÓTTIR, HÓF STÖRF Á SKRIFSTOFU SSF.

Rósa var valin úr hópi umsækjenda í starf umsjónarmanns sjóða SSF. Rósa er viðskiptafræðingur og hefur starfað í tæp tuttugu ár hjá fjármálafræðingum þar sem félagsmenn SSF starfa. Hún hefur mikla reynslu af félags- og kjaramálum og var trúnaðarmaður SSF um árabíl og í stjórn trúnaðarmannaráðs.

VIÐSKIPTI OG



EFNAHAGSMÁL

4 FYRSTU SÉRLEYFIN FYRIR RANNSÓKNIR OG VINNSLU Á OLÍU OG GASÍ Á DREKASVÆÐINU VORU GEFIN ÚT.

ANNAÐ



7 KASTLJÓSSÞÁTTUR RÍKISÚTVARPSINS BIRTI MYNDBAND ÞAR SEM KARL VIGNIR ÞORSTEINSSON JÁTAÐI AÐ Hafa framíð ítrekað og margsinnis brot gegn börnum kynferðislega. Kastljós upplýsti að hann hefði framíð slík brot í nærri fimmtíu ár og starfaði á þeim tíma m.a. fyrir kirkjur, félagsamtök og vistheimili. Uppljóstrun Kastljóss varð til þess að fjölmargir stigu fram og sögðust hafa orðið fyrir barðinu á manningum. Karl var síðan leiddur í gæsluvarðhald og varð að lokum dæmdur til fangelsisvistar.

VIÐSKIPTI OG



EFNAHAGSMÁL

8 ÚTLIT VIÐ UPPHAF LOÐNUVEIÐA ÞÓTTI MJÖG GOTT. Loðnan leit vel út, stór og bar ekki á mikilli átu. Fjölmörg skip voru á loðnuveiðum í upphafi árs og gekk vel.

MENNING



9 HLJÓMSVEITIN OF MONSTERS AND MEN TÓK VIÐ EBBA-VERÐLAUNUM Á TÓNLISTARHÁTÍÐINI EUROSONIC NOORDERSLAG SEM HALDIN VAR Í HOLLANDI.

VIÐSKIPTI OG



EFNAHAGSMÁL

13 GYLFI ARNBJÖRNSSON, FORSETI ASÍ, STEIG FRAM OG SAGÐI SEÐLABANKA ÍSLANDS EKKI RÁÐA VIÐ AÐ VIÐHALDA STÖÐUGU GENGI KRÓNUNNAR. Tilefnið voru skrif aðalhafraðings Seðlabankans um að óráðlegt væri að hækka laun of mikið á of skömmum tíma þar sem það myndi leiða til verðbólgu. Gylfi undraðist skrifin og sagði undanfarna verðbólgu skýrast af efnahagsaðgerðum sem verkalýðshreyfingin hefði ekki haft nein áhrif á.

STJÓRN



MÁL

14 FRUMVARP UMHVERFISRÁÐHERRA TIL LAGA UM VERND OG ORKUNÝTINGU LANDSVÆÐA, RAMMAÁÆTLUN, VAR SAMÞYKKT Á ALÞINGI MEÐ 36 ATKVÆÐUM GEGN 21.

ANNAD



17 VILBORG ARNA GISSURARDÓTTIR KOMST Á SUÐURPÓLINN EFTIR AÐ Hafa gengið 1140 kílómetra á 60 dögum. Hún er fyrsti Íslendingurinn sem hefur gengið einn síns liðs á Suðurljólinn.

BANKAMÁL



23 LANDSBANKI ÍSLANDS, GAMLI LANDSBANKINN, FÉKK NÝTT NAFN OG HEITIR NÚ LBI HF. Ástæða nafnabreytingarinnar var vegna tilmæla frá Fjármálaeftirlitinu sem taldi að óheimilt væri að hafa orðið „banki“ í heiti fjármálaeftirtækis í slitamedferð með takmarkað starfslefyfi.

ANNAD



24 ROTNANDI SÍLD VARÐ AÐ VAXANDI VANDAMÁLI Í KOLGRAFARFIRÐI Í JANÚAR EN MIKILL ÓÞEFUR VAR Í FIRÐINUM. Gríðarlegt magn af síld drapst í firðinum skömmu fyrir jólin 2012 og hóf síðan að rotna þegar leið á vikurnar. Hafrannsóknastofnun komst að þeirri niðurstöðu að umræddur síldardauði hefði að líkindum verið stakt tilfelli.



VIÐSKIPTI OG



EFNAHAGSMÁL

28 DÓMUR FÉLL Í ICESAVE MÁLINU ÞENNAN DAG OG VAKTI ATHYGLI VIÐA UM HEIM. Niðurstaða málsins var sú að EFTA dómstóllinn hafnaði öllum kröfum ESA í Icesave málinu og Ísland fagnaði langþráðum og afgerandi sigri í málinu. Margir hrósuðu Tim Ward, aðalverjanda Íslands í málinu, og á sameiginlegum blaðamannafundi hans og Össurar Skarphéðinssonar, þáverandi utanríkisráðherra, sagði

Össur að sigurinn í máinu væri sigur lýðræðisins og að nú yrði haldin veisla á Íslandi. Dómurinn hafði í kjölfarið jákvæð áhrif á lánsþæfismat íslenska ríkisins.

FEBRÚAR



1 SAMKVÆMT KJARASAMNINGI SSF HÆKKUÐU LAUN UM 3,25% ÞANN 1. FEBRÚAR 2013.

BANKAMÁL



1 NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR MMR UM EINKAVÆÐINGU LANDSBANKANS VAR BIRT. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar var meirihluti landsmanna andvígur því að einkavæða Landsbankann sem og Ríkisútvarpið og Landsvirkjun. 827 svöruðu könnuninni og sögðust um 41% vera fylgjandi því að einkavæða Landsbankann en rúm 59% andvíg. Mun færri vildu einkavæða RÚV.

ANNAD



1 SÍLD HÓF AÐ DREPAST Í KOLGRAFARFIRÐINUM AÐ NÝJU. Þegar upp var staðið var um álika mikið magn og í desember 2012. Samtals er talið að um 50.000 tonn af síld hafi drepist í þessum tveimur tilvikum.

STJÓRN



MÁL

1 ÁRNI PÁLL ÁRNASON VAR KOSINN FORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR Á LANDSFUNDI FLOKKSINS ÞENNAN DAG OG TÓK VIÐ FORMENNSKU AF JÓHÖNNU SIGURDARDÓTTUR. Guðbjartur Hannesson, þáverandi heilbrigðisráðherra, var einnig í kjöri en þurfti að setta sig við sigur Árna Páls. Katrín Júlíusdóttir var kosin varaformaður flokksins.



1 STJÓRN SSF ÁKVAÐ AÐ LÁTA GERA LAUNAKÖNNUN Á MEÐAL FÉLAGSMANNA. Könnunin var liður í undirbúningi kjarasamningsviðræðna.

VIÐSKIPTI OG



EFNAHAGSMÁL

5 SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA GAF ÚT VERULEGA AUKNINGU Á LOÐNUKVÓTA. Alls 150 þúsund tonna loðnakvótaaukning ofan á þau 300 þúsund tonn sem höfðu verið gefin út sem upphafskvóti. Þessi ákvörðun var í samræmi við tilmæli Hafrannsóknarstofnunar og áætlað verðmæti viðbótarflans um 10 milljarðar króna.

BANKAMÁL



7 SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ GAF ÚT SKÝRSLU UM REKSTRARKOSTNAÐ STÓRU VIÐSKIPTABANKANNA. Skýrslan ber heitið *Fjármálaþjónusta á krossgötum* og lýsti Samkeppniseftirlitið þar yfir áhyggjum af auknum og miklum rekstrarkostnaði stóru viðskiptabankanna og sögðu þann kostnað að mestu greiddan með óhagstæðum viðskiptakjörum. Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, sagði í umræðum um skýrsluna að ástæður mikils rekstrarkostnaðar viðskiptabankanna



á Íslandi ættu sér skýringu í sérstöðu markaðarins. Sagði hann að markaðurinn hér væri lítill og eftirlitskostnaðurinn væri mikill og hefði vaxið gríðarlega mikið. Hann sagði bankana þegar vera að reyna að draga úr rekstrarkostnaði og benti á að starfsfólki og útibúum hefði verið fækkað.

VIÐSKIPTI OG EFNAHAGSMÁL



7 MOODY'S HÆKKAÐI LÁNSHÆFISMAT ÍSLANDS. Töldu þeir horfurnar vera orðnar stöðugar í stað neikvæðar eins og þeir töldu í fyrra lánsþæfismatinu. Í greinargerðinni kom fram að meginástæða hækkunarinnar væri niðurstaða Icesave-málsins. Moody's spáði 2,5% hagvexti á árinu.

ANNAD



8 ÁSTANDIÐ VIRTIST VERSNA TIL MUNA Á LANDSPÍTALANUM ÞEGAR ALMENNIR LÆKNAR BÆTTUST Í HÓP HJÚKRUNARFRÆÐINGA, GEISLA- OG LÍFEINDAFRÆÐINGA SEM VILDU BÆTT KJÖR OG BETRI VINNUAÐSTÆÐUR. Á þessum tímamarki virtist ástandið á Landspítalanum vera að nálgast suðupunkt. Kjaraviðræður hjúkrunarfræðinga höfðu siglt í strand eftir að félagsmenn í félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga höfnuðu nýjum stofnanasamningi sem og geisla- og hjúkrunarfræðingar.

STJÓRN MÁL



9 SIGURÐUR INGI JÓHANNSSON, NÚVERANDI SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐHERRA, VAR KOSINN VARAFORMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS Á FLOKKSÞINGI FLOKKSINS. Hann var einn í frambóði og hlaut 94,7% prósent atkvæða. Sigurður tók við varaformennsku af Birki Jóni Jónssyni sem hafði tekið ákvörðun að gefa ekki kost á sér í þingkosningunum sem voru á þessum tímamarki óðum að nálgast. Á þinginu var Eygló Harðardóttir endurkjörin sem ritari.

BANKAMÁL



12 UMRÆÐUR UM SPARISJÓÐI Á ÍSLANDI FÓR FRAM Á ALÞINGI. Mikil og þverpólísk samstaða virtist vera á þinginu um mikilvægi þess að verja sparisjóðina. Tilefni umræðnana virtist vera það að koma í veg fyrir að Arion banki tæki yfir Afl sparisjóð á Sigufirði.

VIÐSKIPTI OG EFNAHAGSMÁL



12 ASÍ KYNNTI SKÝRSLU SEM HAGDEILD SAMBANDSINS VANN UM LÍFSKJÖR Á NORÐURLÖNDUNUM. Í skýrslunni kemur fram að lífskjör á Íslandi hafi versnað í samanburði við Danmörku, Noreg og Svíþjóð frá árinu 2006. Að mati skýrsluhöfunda vinna Íslendingar „að jafnaði lengri vinnuviku til að halda uppi lífskjörum sambærilegum við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum og munurinn því meiri ef tekið er tillit til vinnutíma.

BANKAMÁL



13 STEINUNN GUÐBJARTSDÓTTIR, FORMAÐUR SLITASTJÓRNAR GLITNIS, GREINDI FRÁ ÞVI Í FRÉTTUM RÚV AÐ RÆTT HAFI VERIÐ VIÐ HÓP FJÁRFESTA SEM FRAMTAKSSJÓÐUR ÍSLANDS FER FYRIR, UM SÖLU Á

ÍSLANDBANKA. Í fjárfestahópnum voru hluthafar í MP banka og hefur MP banki haft milligöngu í málinu samkvæmt frétt RÚV.

VIÐSKIPTI OG EFNAHAGSMÁL



14 VINDMYLLUR VORU GANGSETTAR VIÐ BÚRFELLSSTÖÐ Á VEGUM LANDSVIRKJUNAR. Steingrímur J. Sigfússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, gangsetti vindmyllurnar sem eru tilraunaverkefni Landsvirkjunar í nýtingu vindorku. Hvor myllan er 900 kW og þær geta framleitt allt að 5,4 GWst á ári.

STJÓRN MÁL



16 STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON TILKYNNTI Á BLAÐAMANNAFUNDI AÐ HANN HYGÐIST LÁTA AF EMBÆTTI FORMANNS VINSTRI GRÆNNA Á NÆSTA LANDSFUNDI FLOKKSINS SEM HALDINN VAR VIKU SÍÐAR. Hann hafði gegnt formennsku frá stofnun flokksins árið 1999.

20 ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON, UTANRÍKISRÁÐHERRA, FUNDAÐI MEÐ UTANRÍKISRÁÐHERRUM TÓLF RÍKJA EVRÓPU Í GDANSK Í PÓLLANDI. Þar mótmælti hann hugmyndum Noregs og ríkja innan Evrópusambandsins um refsiaðgerðir gagnvart Íslendingum vegna makríldeilunnar. Lengi leit út fyrir að deilan færi í hart á árinu en miðað við stöðu mála í dag er enn von á að sameiginleg lausn finnist á deilunni.

VIÐSKIPTI OG EFNAHAGSMÁL



20 MOODY'S SETTI LÁNSHÆFISMAT ÍBÚÐALÁNASJÓÐS Í RUSLFLOKK. Meginástæða var veikt eignasafn sjóðsins og veikar rekstrarlegar horfur.

STJÓRN MÁL



21 ÞÓR SAARI, ÞÁVERANDI ÞINGMAÐUR HREYFINGARINNAR, DRÓ TIL BAKA VANTRAUÐSTILLÖGU SEM HANN HAFÐI LAGT FRAM DEGINUM ÁÐUR GEGN SITJANDI RÍKISSTJÓRN SAMFYLKINGAR OG VINSTRI GRÆNNA. Vantrauststillöguna sagðist hann hafa lagt fram vegna seinangangs í Stjórnarskrármálinu en dró tillöguna til baka vegna þess að hann vildi ekki una því að hún fengi flýtimeðferð í þinginu.

BANKAMÁL



22 ARION BANKI HÉLT ERLENT SKULDABRÉFAÚTBOÐ OG SELDI SKULDABRÉF TIL UM 60 ERLENDRA FJÁRFESTA FYRIR UM 11,2 MILLJARÐA KRÓNA. Þetta var fyrsta erlenda skuldabréfaútbod íslensks fjármálafyrirtækis frá 2007.

STJÓRN MÁL



23 KATRÍN JAKOBSDÓTTIR VAR KJÖRIN FORMAÐUR VINSTRI GRÆNNA Á LANDSFUNDI FLOKKSINS OG TÓK VIÐ ÞVI EMBÆTTI AF STEINGRÍMI J. SIGFÚSSYNI. Hún hafði áður gegnt varaformennsku flokksins. Björn Valur Gíslason var kjörinn varaformaður.

24 BJARNI BENEDIKTSSON VAR ENDURKJÖRINN FORMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Á LANDSFUNDI FLOKKSINS. Fékk hann 78,9 % atkvæða en aðrir fengu mun minna. Hanna Birna Kristjánsdóttir var kosin varaformaður flokksins og tók hún við því embætti af Ólöfu Nordal sem hafði tilkynnt að hún hygðist hætta sem varaformaður flokksins sem og þingmennsku eftir kosningarnar 2013.



BANKAMÁL



28 ARION BANKI SENDI ÚT FRÉTTATILKYNNINGU UM AFKOMU BANKANS ÁRIÐ 2012. Kom fram í tilkynningunni að hagnaður bankans hefði numið 17,1 milljarði króna. Þá jókst eigið fé bankans í 13,8% samanborið við 10,5% árið 2011. Heildareignir bankans námu 900,7 milljörðum króna í uppgjöri ársins 2012 samanborið við 892,1 milljarð króna í árslok 2011. Eiginfjárlutfall bankans í lok tímabilsins var 24,3% en í lok árs 2011 var það 21,2%.

Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka, sagði í fréttum RÚV að ársuppgjörið hefði verið „vel viðunandi“. Hann sagði afkomuna vera í takt við væntingar og að með erlendu skuldabréfaútgáfu bankans hafi verið tekið mikilvægt skref í þá átt að opna aðgang íslensks atvinnulífs að erlendum mörkuðum.

28 ÍSLANDBANKI GREINDI FRÁ ÞVÍ AÐ HAGNAÐUR EFTIR SKATTA ÁRIÐ 2012 HEFÐI VERIÐ 23,4 MILLJARÐAR. Það er umtalsvert betri afkoma en árið 2011 þegar bankinn skilaði 1,9 milljarð króna hagnaði. Íslandsbanki greiddi 9,3 milljarða í skatta og gjöld til ríkisstofnana í fyrra og heildareignir bankans námu 823 milljörðum árið 2012. Þær voru 796 milljarðar í árslok 2011. Bankinn greindi jafnframt frá því að afskriftir, eftirgjafir eða leiðréttingar á skuldum hefðu verið um 463 milljarðar og að það hefði deilt niður á um 21 þúsund einstaklinga og rúmlega 3600 fyrirtæki. Eigið fé bankans var 148 milljarðar.

MARS

VIÐSKIPTI OG EFNAHAGSMÁL



1 SYKURSKATTURINN TÓK GILDI ÞENNAN DAG Á ÁRINU. Með tilkomu hans var áætlað að sykur hækkaði í verði um 2/3 að mati sérfræðinga. Þá hækkuðu ýmsar sykraðar vörur, jafnt mjólkurvörur sem gosdrykkir. Fjármálaráðuneytið áætlaði að skatturinn myndi leiða til hækkunar neysluvísitölunnar um 0,1 prósent.

STJÓRN



MÁL

3 INNAN ALÞINGIS MÁTTI AUGSÝNILEGA SJÁ AÐ ÓÐUM VÆRI AÐ STYTTAST Í KOSNINGAR. Ríkisstjórnarflokkarnir reyndu að semja um afgreiðslu ýmissa mála en tugir frumvarpa biðu afgreiðslu þingsins. Unnið var hörðum höndum við að reyna að koma því í gegn sem ríkisstjórnarflokkarnir töldu mikilvægast t.a.m. stjórnarskrármálinu og frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða. Engum duldist að samningaviðræður flokkanna gengu mjög illa.

ANNAD

2013

4 KÖNNUN GALLUPS UM TRAUST ALMENNINGS TIL STOFNANA SÝNDI AÐ TRAUST Á HEILBRIGÐISKERFINU FÆRI MJÖG DVÍNANDI MILLI ÁRA. Traust almennings til heilbrigðiskerfisins mældist 73% árið 2012 en hafði farið niður í 66% milli ára.

BANKAMÁL



4 Í KÖNNUN GALLUPS VAR JAFNFRAMT SPURT UM TRAUST TIL BANKAKERFISINS SEM HAFÐI MÆLST MEÐ MINNST TRAUST ALLRA STOFNANA FRÁ HRUNI. Bankakerfið mældist þó á svipuðu róli og árið á undan en hafði ívið aukið við sig frá því í febrúar 2009 þegar einungis 4% báru til þess mikið traust.

VIÐSKIPTI OG



EFNAHAGSMÁL

6 BJÖRGÓLFUR JÓHANSSON VAR KJÖRINN FORMAÐUR SAMTAKA ATVINNULÍFSINS Á AÐALFUNDI SAMTAKANNA SEM FRAM FÓR ÞESSA HELGI. Björgólfur tók við formennsku af Vilmundi Jósefssyni sem hafði tilkynnt að hann hygðist hætta sem formaður. Björgólfur var einn í framboði og hlaut 98,5 % greiddra atkvæða.



6 FJÁRSÝSLUSKATTURINN VAR EFST Á BAUGI SSF. „Neikvæð áhrif skattsins er áhyggjuefni“ sagði formaður SSF í fjölmiðlum. Fjármálaráðherra lagði fram frumvarp sem miðaði að því að hækka áætlaðan fjársýsluskatt verulega. SSF hefur frá upphafi lagt áherslu á að mestar líkur eru á að tilkoma þessa skatts muni leiða af sér verulega fækkun starfsmanna í framlínu og bakvinnslu sem eru að stærstum hluta kvennastörf.

BANKAMÁL



8 LANDSBANKINN GREINDI FRÁ AFKOMUTÖLUM ÁRSINS 2012 EN HANN VAR REKINN MEÐ 25,5 MILLJARÐA KRÓNA HAGNAÐI ÞAÐ ÁR. Árið 2011 skilaði bankinn um 17 milljarða króna hagnaði. Arðsemi eiginfjár hækkaði úr 8,4 prósentum í tólf prósent og eiginfjárstaðan í 25,1% sem var á þeim tímamarki hæsta eiginfjárstaða bankans frá upphafi.

STJÓRN



MÁL

11 ÞÓR SAARI LAGÐI FRAM ÖÐRU SINNI Á SKÖMMUM TÍMA VANTRAUSTSTILLÖGU Á RÍKISSTJÓRNINA VEGNA STJÓRNARSKRÁRMÁLSINS. Fyrri tillöguna hafði hann dregið til baka til að forðast flýtimeðferð að hans sögn. Síðari tillöguna lagði hann fram vegna þess að hann taldi það svik við kjósendur að taka stjórnarskrármálið af dagskrá þingsins og því lagði hann til vantrauststillögu, þingrof og boðun kosninga. Harðar umræður sköpuðust á þingi vegna þessa og margir studdu tillöguna en á ólíkum forsendum. Mikil spenna myndaðist vegna óvissu um hvernig atkvæðagreiðslan færi en 32 þingmenn greiddu atkvæði gegn tillögunni en 29 greiddu atkvæði með henni, einn þingmaður var fjarverandi og annar sat hjá.



- 12** EYRARRÓSin, VIÐURKENNING FYRIR AFBURÐA MENNINGARVERKEFNI Á LANDSBYGGÐINI, VAR AFHENT Í HOFI Á AKUREYRI. Skaftfell, miðstöð myndlistar á Austurlandi sem staðsett er á Seyðisfirði, hlaut verðlaunin eftirsóknarverðu þetta árið.



- 13** AUGLJÓs KOSNINGASKJÁLFTI VAR KOMINN Í ÞINGHEIM OG FLESTIR FLOKKAR HÖFÐU LOKIÐ VIÐ SÍNA LANDSFUNDI. Framsóknarflokkurinn hélt áfram að bæta við sig fylgi í skoðanakönnunum en segja má að fylgi flokksins hafi farið á flug eftir niðurstöðu Icesave málsins. Sjálfstæðisflokkurinn mældist stærstur í könnun MMR sem birt var þennan dag og mældist hann með 27,2% fylgi en 25,9% sögðust ætla að kjósa Framsóknarflokkinn. 12,4% sögðust styðja Samfylkinguna og 9,6% Vinstri græna. Björt framtíð sem bauð í fyrsta sinn fram til þings mældist með 15,2% fylgi.



- 14** LANDSBANKINN HÉLT OPINN FUND UM FERÐAÞJÓNUSTU Á ÍSLANDI. Í erindi þeirra kom fram að 5% vöxtur að meðaltali væri í greininni en síðustu tvö ár hefði greinst mun meiri vöxtur því erlendum ferðamönnum hefði fjölgað um tæp 19% skv. tölum Landsbankans. Landsbankinn taldi að þörf væri á 1600 hótélherbergjum í Reykjavík á næstu 6 til 8 árum til að mæta fjölgun erlendra ferðamanna.

Í úttekt hagfræðideildar Landsbankans sem birt var á fundinum og byggir á afkomu næstum 800 fyrirtækja í ferðaþjónustu árið 2011 kemur fram að tekjur íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja jukust um nær fimmtung árið 2011 sem hafði verið það besta fram til þessa. Þrátt fyrir þennan vöxt var um það bil helmingur fyrirtækjanna rekinn með tapi.

- 14** HAGSTOFAN BIRTI TÖLUR UM NETNOTKUN ÍSLENDINGA Í SAMANBURÐI VIÐ ÖNNUR EVRÓPURÍKI EN Í 32 ERVÓPULÖNDUM ER SLÍK KÖNNUN FRAMKVÆMD ÁRLEGA. Í könnuninni kom í ljós að Íslendingar eru nettengdastir allra Evrópuríkja en um 96% Íslendinga höfðu aðgang og tengdust netinu árið 2012 og netnotkun var á 95% íslenskra heimila skv. könnuninni.



- 14** 45. ÞING SSF VAR SETT Á HÓTEL SELFOSSI. 65 fulltrúar frá aðildarfélögum SSF sátu þingið, ásamt gestum. Aðildarfélögin skipa/kjósa fulltrúa til setu á þingum SSF.

Á þingi SSF er stefnan til næstu þriggja ára mótuð, ásamt því að gera upp starf stéttarfélagssins síðustu þrjú árin.

- 15** NÝ STJÓRN SSF KJÖRIN TIL ÞRIGGJA ÁRA. Friðbert Traustason var kosinn til áframhaldandi formennsku. Aðrir í stjórn SSF eru; Anna Karen Hauksdóttir, Andrés Erlingsson, Anna Kristín Björnsdóttir, Ingvar Breiðfjörð, Borga Harðardóttir, Guðný S. Magnúsdóttir, Gunnar Gunnarsson, Jóhann Arnarson, Kristján Björn Snorrason og Oddur Sigurðsson.



- 15** HAGSTOFAN BIRTI TÖLUR UM LAUNAPRÓUN ÁRANNA 2011 TIL 2012. Þar kom fram að laun á íslenskum vinnumarkaði hefðu hækkað um 7,4% milli ára. Laun á almennum vinnumarkaði hækkuðu um 7,8% að meðaltali en laun opinberra starfsmanna um 6,6%. Mest hækkuðu laun í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum.



- 15** AÐILD STARFSMANNAFÉLAGS ALMENNA LÍFEYRISSJÓÐSINS VAR TEKIÐ FYRIR OG FORMLEGA SAMÞYKKT Á ÞINGI SSF. Starfsmannafélagið var stofnað í júní 2009 en tildrög þess voru þau að Almenni lífeyrissjóðurinn hóf sjálfstæðan rekstur í maí árið 2009 en sjóðurinn hafði áður verið rekinn af Íslandsbanka.

- 15** 45. ÞINGI SSF LAUK Á HÓTEL SELFOSSI.



- 18** SÉRSTAKUR SAKSÓKNARI GAF ÚT TVÆR ÁKÆRUR VEGNA ALLSHERJAR MARKAÐSMISNOTKUNAR Á HLUTABRÉFUM Í BÖNKUNUM. Önnur ákæran var á hendur fyrrverandi stjórnendum Kaupþings en hin snéri að stjórnendum gamla Landsbankans.

- 18** STEINÞÓR PÁLSSON, BANKASTJÓRI LANDSBANKANS, GREINDI FRÁ ÞVI Í VIÐTALI Í VIÐSKIPTAÞLAÐINU AÐ STARFSFÓLK LANDSBANKANS GÆTI EIGNAST ALLT AÐ 2% HLUT Í BANKANUM. Þetta hafi verið ákveðið í samræmi við samkomulag sem gamli Landsbankinn gerði þegar að skuldabréf var gefið út í tengslum við uppgjör gamla Landsbankans og var staðfest af Fjármálaeftirlitinu með vilja stjórnvalda skv. frétt Viðskiptaþlaðsins. Með þessu hafi átt að viðhalda hvatakerfi fyrir starfsfólk Landsbankans.



- 18** HALLDÓR GUÐMUNDSSON, FORSTJÓRI HÖRPU, GREINDI FRÁ ÞVI Í FRÉTTATÍMA RÚV AÐ GJALDEYRISTEKJUR AF RÁÐSTEFNUHALDI Í HÖRPU GÆTU NUMIÐ ALLT AÐ 4 MILLJÖRÐUM KRÓNA Í ÁR. Helmingi fleiri ráðstefnur voru bókaðar í Hörpu á þessu ári en í fyrra.

- 19** SAMTÖK ATVINNULÍFSINS BIRTI NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR UM VÆNTINGAR STJÓRNENDA OG ATVINNUREKENDA. Í könnuninni kom fram að 60% stjórnenda töldu aðstæður í atvinnulífinu slæmar en 68% töldu svo vera í lok árs 2012. Stjórnendum fjölgaði mjög í hópi þeirra sem töldu að aðstæður í atvinnulífinu yrðu betri eftir 6 mánuði.

- 19** ÞORSTEINN VÍGLUNDSSON VAR RÁDINN FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKA ATVINNULÍFSINS OG TÓK VIÐ AF VILHJÁLMI EGILSSYNI SEM VAR RÁDINN REKTOR HÁSKÓLANS Á BÍFRÖST. Vilhjálmur hafði gegnt framkvæmdastjórastöðu SA í 7 ár áður en hann tók við stöðu rektors á Bifröst.

BANKAMÁL



- 20** SEÐLABANKINN TILKYNNTI AÐ PENINGASTEFNUNEFND HEFÐI ÁKVEÐIÐ AÐ HALDA STYRIVÖXTUM BANKANS ÓBREYTTUM EÐA 6%. Þeir höfðu verið óbreyttir frá 14. nóvember 2012. Að mati nefndarinnar var áfram gert ráð fyrir hægum efnahgsbata en verðbólga reyndist töluvert meiri í febrúar á þessu ári en reiknað hafði verið með.

VIÐSKIPTI OG



EFNAHAGSMÁL

- 20** FRAMTAKSSJÓÐUR ÍSLANDS TILKYNNTI AÐ HAGNAÐUR ÁRSINS 2012 HEFÐI NUMIÐ 6,1 MILLJARÐI KRÓNA. Heildareignir sjóðsins voru um 29,6 milljarðar og eigið fé sjóðsins var í árslok 29,5 milljarðar.

- 11** ÞÝSKA DAGBLAÐIÐ FRANKFURTER ALLGEMEINE ZEITUNG TILKYNNTI AÐ MILLJARÐARMÆRINGAR VÆRU EKKI LENGUR TIL Á ÍSLANDI. Blaðið greindi frá því að árið 2008 hefðu 6 milljarðarmæringar búið hér á landi en nú væri enginn. Blaðið taldi þá ýmist hafa tapað hluta af eignum sínum eða flutt úr landi.

BANKAMÁL



- 21** ÁRSFUNDUR SEÐLABANKA ÍSLANDS VAR HALDINN. Már Guðmundsson, seðlabankastjóri, gerði gjaldeyrishöftin að aðalræðuefni sínu á ársfundinum og sagði mikilvægt að gera upp föllnu bankana sem fyrst svo hægt verði að stíga mikilvæg skref í afnámi gjaldeyrishaftanna. Í ræðu sinni sagði hann viðskiptakostnað vegna gjaldeyrishaftanna fara vaxandi en að þau varðveittu stöðugleika.



MENNING



- 23** MENNTASKÓLINN Í REYKJAVÍK SIGRAÐI SPURNINGAKEPPNI FRAMHALDSSKÓLANNA *GETTU BETUR*. Liðið hafði betur gegn Menntaskólanum í Hamrahlíð. Þetta var í 18. sinn sem liðið sigraði keppnina en hún hefur verið haldin 26 sinnum.

- 23** HLJÓMSVEITIN VÖK SIGRAÐI MÚSÍKTILRAUNIR SEM FRAM FÓRU Í SILFURBERGI Í HÖRPU.

ANNAD



- 24** KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR VARÐ 79 ÁRA Á ÞESSUM DEGI. Upprunalega nefndist hann Meeks-flugvöllur. En hann var fyrst aðallega notaður til herflutninga og fyrir flug erlendra flugfélaga yfir Atlantshaf. Lengst af var flugvöllurinn rekinn af bandaríska hernum sem hafði reist flugvöllinn. Íslendingar fengu hann svo til eignar 1946 en tóku ekki við rekstrinum fyrr en árið 2006.

- 25** STARFSHÓPUR SEM INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ HAFÐI SKIPAÐ TIL AÐ RANNSAKA GUÐMUNDAR- OG GEIRFINNSMÁLIÐ SKILAÐI SKÝRSLU UM MÁLIÐ. Starfshópurinn taldi játningar sakborninga í málinu óáreiðanlegar og að miklir anmarkar hefðu verið á rannsókn

málsins. Því mat nefndin það svo að réttast væri að taka málið upp að nýju af hálfu ríkissaksóknara með því að sakborningar fari fram á það eða að Alþingi ákveði það með lagafrumvarpi.

Sævar Ciesielski, einn sakborninga í málinu, hafði lengi barist fyrir því að fá nafn sitt hreinsað af þeim ásökunum sem hann sat undir í málinu en hafði ekki erindi sem erfiði fyrr en þennan dag. Hann lést hinsvegar áður en niðurstaða starfshópsins kom út eða árið 2011. Börn Sævars töldu þetta engu að síður mikinn sigur fyrir Sævar þrátt fyrir að það væri sorglegt að hann hafi ekki lifað til að fagna niðurstöðunni.

VIÐSKIPTI OG



EFNAHAGSMÁL

- 25** ÁRSVERÐBÓLGAN MÆLDIST 3,9 % SAMKVÆMT TÖLUM HAGSTOFUNNAR OG HAFÐI EKKI MÆLST MINNI SIÐAN Í MAÍ 2011. Eldsneytisverð hafði lækkað og vetrarútsölum var nýlukið og það voru taldar meginástæður þess að verðbólgan mældist nú minni en í fyrri mælingum.

BANKAMÁL



- 26** MÁR GUÐMUNDSSON, SEÐLABANKASTJÓRI, LÝSTI ÞVÍ YFIR Í FRÉTTUM RÍKISSJÓNVARPSINS AÐ LÍFEYRISSJÓÐIRNIR VÆRU LÍKLEGUSTU FJÁRFESTARNIR TIL AÐ HEFJA VIÐRÆÐUR VIÐ ERLENDA KRÖFUHAFNA UM KAUP Á ÍSLANDBANKA OG ARION- BANKA. „Eignir erlendu kröfuhafanna í bönkunum er metnar á 220 milljarða króna, en seðlabankastjóri segir að þeir verði að gefa verulegan afslátt gegn því að fá greitt í erlendum gjaldeyri“ sagði í frétt RÚV um málið.

- 26** STJÓRNIR SPARISJÓÐA SVARFDÆLA OG SPARISJÓÐS ÞÓRSHAFNAR SAMÞYKKTU AÐ SAMEINA SPARISJÓÐINA. Þetta var gert með fyrirvara um samþykki Fjármálaeftirlitsins og Eftirlitsstofnunar ESA. Það samþykki kom síðar á árinu. Sameinaður Sparisjóður starfar í dag sem Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis. Eftir sameiningu störfuðu 18 starfsmenn við Sparisjóðinn. Sameinaður sparisjóður starfar á Dalvík, Þórshöfn, Kópaskeri, Raufarhöfn og í Hrísey.

ANNAD



- 26** JARÐHRÆRINGAR ÁTTU SÉR STAÐ VIÐ HEKLU. Jarðvísindamenn töldu jarðskjálftavirkni þar óvenjulega og viðvörunarstigi var lýst yfir. Ekkert varð þó úr gosi en Hekla gaus síðast árið 2000.

STJÓRN



MÁL

- 28** FRAMSÓKNARFLOKKURINN HÉLT ÁFRAM AÐ BÆTA VIÐ SIG FYLGI FYRIR ALÞINGISKOSNINGARNAR ÞANN 27. APRÍL 2013. Samkvæmt könnuninni mældist Framsóknarflokkurinn stærstur allra flokka. Aldrei höfðu fleiri framboð tilkynnt þátttöku í þingkosningunum. Mikill hiti var á þinginu en gerðar höfðu verið ítrekaðar tilraunir til að semja um þinglok. Mörg frumvörp ríkisstjórnarinnar biðu afgreiðslu og samið var um afgreiðslu og frestun þeirra til að ljúka þingi. Við þinglok sagði Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra, að síðustu þrjár mánuður þingsins hefðu verið þeir döprustu á sínum þingferli.

APRÍL



1 EIN ÁSTSÆLASTA LEIKKONA LANDSINS, HERDÍS ÞORVALDSDÓTTIR, LÉST ÞENNA DAG 89 ÁRA AÐ ALDRI. Herdís átti að baki langan og glæstan feril sem leikkona.

VIÐSKIPTI OG



EFNAHAGSMÁL

4 HAGSTOFAN BIRTI TÖLUR UM VÖRUSKIPTAJÖFNUÐ LANDSINS FYRIR FYRSTU TVÖ MÁNUÐI ÁRSINS. 19,2 milljarða króna afgangur var á vöruskiptum við útlönd. Fluttar voru út vörur fyrir tæpa 105,4 milljarða króna en inn fyrir 86,1 milljarð króna. Á sama tíma árs 2012 voru vöruskiptin hagstæð um 13,1 milljarð.

4 GISTINÓTTUM Á HÓTELUM Í FEBRÚAR FJÖLGÆÐI UM RÚM 35% MIÐAÐ VIÐ FEBRÚAR ÁRIÐ 2012. Gistinætur á hótélum í febrúar 2013 voru 139.900 þar af 105.400 á höfuðborgarsvæðinu.

5 10% HEIMILA HÖFÐU LENT Í VANSKILUM MEÐ HÚSNÆÐISLÁN EÐA LEIGU Á UNANFÖRNU ÁRI (TÍMABILÍÐ MARS 2012 – MARS 2013). Þetta sýndi ný rannsókn Hagstofunar sem var birt á þessum degi.



9 TRÚNAÐARMANNANÁMSKEIÐ I VAR HALDIÐ MEÐ HEFÐBUNDNU SNIÐI DAGANA 9. OG 10. APRÍL Á GRAND HÓTEL Í REYKJAVÍK. Alls sóttu 15 trúnaðarmenn vel heppnað og gagnlegt námskeið.

VIÐSKIPTI OG



EFNAHAGSMÁL

10 FORSETI ÍSLANDS, ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON, AFHENTI FULLTRÚUM HB GRANDA ÚTFLUTNINGSVERÐLAUN ÍSLANDS.

BANKAMÁL



11 LANDBANKINN GAF ÚT TILKYNNINGU VARÐANDI EIGNARHLUT RÍKISINS Í BANKANUM. Í tilkynningunni kom fram að eignarhlutur ríkisins í Landsbankanum hefði aukist um 97 milljarða frá haustinu 2008.

STJÓRN



MÁL

11 BJARNI BENEDIKTSSON, FORMAÐUR SJÁLFSTÆDISFLOKKSINS, KOM FRAM Í KOSNINGAÞETTI RÚV. Mikið var deilt á Bjarna innan flokks á þessum tíma en flokkurinn hafði mælt með mikið fylgistað á stuttum tíma og svo virtist sem margir teldu að hann þyrfti að vika. Viðskiptablaðið hafði birt skoðunarkönnun um það að fleiri myndu kjósa flokkinn ef Hanna Birna Kristjánsdóttir, varaformaður flokksins, væri formaður. Viðtalið við Bjarna átti eftir að verða gríðarlega umtalað næstu daga þar sem hann sagðist vera að íhuga það að segja af sér formennsku.

STJÓRN



MÁL

13 BJARNI BENEDIKTSSON TILKYNNTI AÐ HANN HYGDIST EKKI SEGJA AF SÉR SEM FORMAÐUR FLOKKSINS. Hann sagði á kosningafundi í Garðabæ að hann hefði fundið fyrir miklum stuðningi undanfarna daga og fengið ótal áskoranir um að halda áfram.

15 SJÁLFSTÆDISFLOKKURINN HÓF AÐ BÆTA VIÐ SIG FYLGI SKV. KÖNNUNUM. Mældist nú með 23% fylgi skv. könnun MMR. Framsóknarflokkurinn mældist áfram með mest fylgi.

16 LANDSKJÖRSTJÓRN GAF ÚT TILKYNNINGU UM HVADA FRAMBOÐ HEFÐU UPPFYLFT LÁGMARKSKRÖFUR TIL AÐ BJÓÐA FRAM LISTA Í HVERJU KJÖRDÆMI FYRIR SIG. Aldrei höfðu fleiri boðið fram í alþingiskosningum. Alls voru 15 listar í framboði en 11 listar buðu fram í öllum kjördæmum.

Þessir listar buðu fram:

- A-listi: Björt framtíð
- B-listi: Framsóknarflokkur
- D-listi: Sjálfstæðisflokkur
- G-listi: Hægri grænir, flokkur fólksins
- I-listi: Flokkur heimilanna (hét áður Lýðveldisflokkurinn)
- J-listi: Regnboginn, fyrir sjálfstæði Íslands og sjálfbæra þróun
- L-listi: Lýðræðisvaktin
- S-listi: Samfylkingin – jafnaðarmannaflokkur Íslands (hét áður Samfylkingin)
- T-listi: Dögun – stjórnmalasamtök um réttlæti, sanngírni og lýðræði (hét áður Borgarahreyfingin – Þjóðin á þing. Hafði þá listabókstafinn O).
- V-listi: Vinstrihreyfingin – grænt framboð
- Þ-listi: Píratar

Eftirfarandi listar buðu fram í Reykjavíkurborgarkjördæmum norður og suður:

- H-listi: Húmanistaflokkurinn
- R-listi: Alþýðufylkingin

Eftirfarandi listi bauð fram í Reykjavíkurborgarkjördæmi suður:

- K-listi: Sturla Jónsson, K-listi (hét áður Framfaraflokkurinn)
- Eftirfarandi listi bauð fram í Norðvesturkjördæmi:
- M-listi: Landsbyggðarflokkurinn



17 SSF HÉLT TRÚNAÐARMANNANÁMSKEIÐ III Á HÓTEL SELFOSSI DAGANA 17. OG 18. APRÍL.

VIÐSKIPTI OG



EFNAHAGSMÁL

18 FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ GAF ÚT TILKYNNINGU Í KJÖLFAR FRÉTTAR MORGUNBLAÐSINS UM AÐ FJÁRFESTAR TAKI SÉR Í AUKNUM MÆLI LÁN TIL AÐ FJÁRFESTA Í HLUATABRÉFUM. Í tilkynningu Fjármálaæftirlitsins var eindregið varað við skuldsetningu í tengslum við hlutabréfakaup.



18 AÐALFUNDUR ÍSLANDBANKA VAR HALDINN. Friðrik Sophusson, formaður stjórnar, flutti skýrslu stjórnar og Birna Einarsdóttir, bankastjóri, kynnti uppgjör bankans og fór yfir helstu þætti í starfsemi hans á árinu 2012. Engar breytingar voru gerðar á stjórn bankans. Í ræðu sinni sagði Birna að kannanir sýndu að bankinn væri leiðandi í fjármálaþjónustu, bæði hjá fyrirtækjum sem og einstaklingum en markmið bankans er að vera númer eitt í þjónustu. Mikil áhersla væri lögð á skýra stefnu og framtíðarsýn bankans og að það væru áhugaverðir tímur framundan við áframhaldandi uppbyggingu íslensks fjármálaráðs.



18 STARFSMENN LANDSBANKANS STÓÐU SIG VEL Á KEILUMÓTI SSF OG FÓRU MEÐ SIGUR AF HÓLMI.



19 KVIKMYNDIN OBLIVION VAR HEIMSFREMSÝND. Tilkomumikil atriði í myndinni voru tekin upp á Íslandi. Mikil gróska var í kvikmyndaframleiðslu á Íslandi á þessu ári, innlendri sem erlendri.



23 HAGSTOFAN GREINDI FRÁ ÞVI AÐ NIÐURSTÖÐUR Á ÓLEIÐRÉTTUM LAUNAMUNI KYNJANNA Á ÍSLANDI, SEM REIKNADUR ER ÚT FRÁ AÐFERÐAFRÆÐI EVRÓPSKU HAGSTOFUNNAR EUROSTAT, SÝNDU AÐ HANN VÆRI 18,1% ÁRIÐ 2012. „Munurinn var 18,5% á almennum vinnumarkaði en 16,2% hjá opinberum starfsmönnum. Frá árinu 2008 hefur óleiðréttur launamunur farið minnkandi og var lægri árið 2012 en 2008. Á almennum vinnumarkaði fór launamunurinn lækkandi til ársins 2010 en hækkaði aðeins árið 2011. Óleiðréttur launamunur hjá opinberum starfsmönnum lækkaði allt tímabilið“ skv. tilkynningu Hagstofunnar.

23 HAGSTOFAN BIRTI LAUNAVÍSITÖLU FYRIR MARSMÁNUÐ 2013. Skv. vísitölunni jókst kaupmáttur launa talsvert frá áramótum og mældist svipaður og fyrri hluta árs 2006. Kaupmáttur hafði aukist vegna kjarasamningsbundinna launahækkana og styrkingar krónu skv. mati Hagstofunnar. Kaupmáttaraukning frá áramótum á þessum tíma var 1,9 %.



24 MP BANKI BIRTI REKSTRARTÖLUR FYRSTA ÁRSEJÓRÐUNGS. Í tilkynningu frá bankanum kom fram að bankinn hagnaðist um 465 milljónir króna, eftir skatta, á fyrsta ársfjórðungi.



26 MIKILL FJÖLDI FÓLKS SAFNAÐIST SAMAN OG AFHENTI JÓHÖNNU SIGURÐARDÓTTUR, ÞÁVERANDI FORSTÆTISRÁÐHERRA, FJÖLDA RÓSA

VIÐ STJÓRNARRÁÐIÐ. Með því vildu þau þakka Jóhönnu fyrir sinn 35 ára stjórnálaferil og undanfarin 4 ár sem forsætisráðherra. Við athöfnina söng fólkið m.a. maístjórnuna. Viðburðurinn fór fram degi fyrir alþingiskosningar og þakkaði Jóhanna fjöldanum fyrir stuðninginn í gegnum tíðina.

26 JAFNRÉTTISSTOFA FAGNAÐI ÞEIM FJÖLDA KVENNA SEM VORU Í FRAMBOÐI FYRIR ÞINGKOSNINGAR. Konur voru 42% frambjóðenda á listum stjórnmalaflokka og sagði framkvæmdastýra jafnréttisstofu „ánægjulegt“ hvað hlutföll kvenna og karla í framboði hefðu jafnast síðustu áratugi.

27 KJÖRDAGUR. KJÖRSÓKN VAR 81,4% Á LANDSVÍSU, 2,2 % SKILUÐU AÐUÐ OG 0,3 % ATKVÆÐA VORU DÆMD ÓGILD.

Ríkisstjórnarflokkarnir, Samfylkingin og Vinstri grænir, töpuðu 27 % atkvæða frá því í kosningum 2009. Samfylkingin tapaði 11 þingmönnum, fékk 9 þingmenn, Vinstrihreyfingin grænt framboð, tapaði 7 þingmönnum og uppskar 7 á þing. Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn fengu báðir 19 þingmenn.

Viðbrögð formanna stjórnarflokka fengu mikla athygli enda voru úrslitin túlkuð þannig að stjórnarflokkarnir hefðu galdið „sögulegt afhroð í kosningunum“, fóru samtals úr 34 þingmönnum í 16. Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, sagði eftir að úrslitin lágu fyrir að flokkurinn hefði staðið vörð um almannahagsmuni í kosningabaráttunni og að „sú tíð kæmi aftur að þjóðin þyrfti sterkan jafnaðarmannaflokk“. Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, sagðist stolt af flokknum, hann hefði byrjað í mikilli lægð við upphaf kosningabaráttunnar en flokksmenn hefðu sýnt mikla samstöðu og mætt mótlætinu vel.

„Til hamingju með kvöldið og til hamingju með sigurinn“ sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins og sigurvegari kosninganna, þegar hann ávarpaði mikinn fjölda félagsmanna á kosningavöku flokksins eftir að úrslitin lágu fyrir. Hann sagði úrslitin vera ákall um þá forgangsröðun sem flokkurinn hefði talað fyrir

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sýndi mikið þakklæti þegar hann ávarpaði sína stuðningsmenn. Flokkurinn náði að snúa fylginu talsvert við á síðustu dögum kosningabaráttunnar og fékk því talsvert meira fylgi en hann hafði mælst með 2 vikum fyrir kjördag. Bjarni sagði að stuðningsmenn flokksins hefðu „séð það býsna svart í þessari baráttu en við ákváðum að taka höndum saman og snúa stöðunni okkur í vil“.

Fylgi flokkanna á landsvísu 2013

| | |
|-----------------------|-------|
| Björt framtíð | 8,3% |
| Framsóknarflokkurinn | 24,4% |
| Sjálfstæðisflokkurinn | 26,7% |
| Hægri-grænir | 1,7% |
| Húmanistaflokkurinn | 0,1% |
| Flokkur heimilanna | 3,0% |
| Regnboginn | 1,0% |
| Sturla Jónsson | 0,1% |
| Lýðræðisvaktin | 2,5% |
| Landsbyggðaflokkurinn | 0,2% |
| Alþýðufylkingin | 0,1% |
| Samfylkingin | 12,9% |
| Dögun | 3,1% |
| Vinstri-græn | 10,9% |
| Píratar | 5,1% |





- 30** 5,8 % ATVINNULEYSI MÆLDIST AÐ MEÐALTALI Á FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGI 2013 SAMKVÆMT TÖLUM HAGSTOFUNNAR. 10.400 manns voru á atvinnuleysisskrá en á sama tíma árið 2012 voru 12.700 manns atvinnulausir.



- 30** EFTIR HÁLFTÍMA FUND Á BESSASTÖÐUM TILKYNNTI ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON, FORSETI ÍSLANDS, AÐ HANN VEITTI SIGMUNDI DAVIÐ GUNNLAUGSSYNI, FORMANNI FRAMSÓKNARFLOKKSINS, UMBOÐ TIL STJÓRNARMYNDUNAR. Sigmundur hóf í kjölfarið að hitta alla formenn stjórnsmálaflokka sem náðu manni á þing.

MAÍ



- 1** SAMKOMUR VORU BOÐAÐAR Á 40 STÖÐUM UM LAND ALLT Í TÍLEFNI AF BARÁTTUDEGI VERKALÝÐSINS. Mjög fjölmennt var í miðbæ Reykjavíkur á kröfugöngu verkalyðsfélaga og á útifundi á Ingólfstorgi. Hjá talsmönnum verkalyðsfélaga var mikið rætt um stefnumál flokkanna og þau hvött til að efna kosningaloförðin.

- 1** STRANDVEIÐITÍMABILIÐ HÓFST OG MÁTTI VEIÐA TIL LOKA ÁGÚSTMÁNNAÐAR. Heildarafli strandveiða var 8.600 tonn af botnfiski.



- 3** FJARÐABYGGÐ SIGRAÐI Í ÚTSVARI, SPURNINGAKEPPNI SVEITARFÉLAGANNA Á VEGUM RÍKISÚTVARPSINS. Lið Fjarðabyggðar hlaut 98 stig á móti 56 stigum liðs Reykjavíkur.



- 5** FORMLEGAR STJÓRNARMYNDUNARVIÐRÆÐUR HÓFUST ÞEGAR FRAMSÓKNARFLOKKURINN HÓF AÐ RÆÐA VIÐ SJÁLFSTÆDISFLOKKINN UM MYNDUN NÝRRAR RÍKISSTJÓRNAR.

- 5** EIN AF VINSÆLUSTU FRÉTTUM ÁRSINS LEIT DAGSINS LJÓS ÞEGAR GREINT VAR FRÁ ÞVÍ AÐ FORMENN FRAMSÓKNARFLOKKS OG SJÁLFSTÆDISFLOKKS HEFÐU SETIÐ Á FUNDI OG RÆTT MÖGULEIKA Á MYNDUN RÍKISSTJÓRNAR. Við lok dags hefðu þeir gætt sér á vöfllum sem Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, og Svanhildur Hólm Valsdóttir, aðstoðarmaður hans, bökuðu. Vöfflugaksturinn og átið átti eftir að verða tíðrætt gamanmál næstu daga og vikur.



- 10** FYRSTA HREFNA VERTÍÐARINNAR VAR SKOTIN EN HÚN VÓ UM 7 TONN. Ákvörðun Hvals hf. um að hefja veiðar að nýju sóttu mikillar

gagnrýni og var Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, m.a. hvattur til að beita Íslendinga viðskiptaþvingunum. Ákveðið var að heimila veiðar á 216 dýrum.



- 14** ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON, FORSETI ÍSLANDS, VARÐ SJÖTUGUR. Ólafur er fæddur á Ísafirði þann 14. maí 1943.



- 15** PENINGASTEFNUNEFND SEÐLABANKA ÍSLANDS TILKYNNTI UM ÓBREYTTA STYRIVEXTI. Á þessum tímamarki höfðu styrivextir haldist óbreyttir frá 14. nóvember. Már Guðmundsson, seðlabankastjóri, sagði það ánægjulegt að verðbólgan væri á niðurleið. Samtök atvinnulífsins gagnrýndu ákvörðun Peningastefnunefndar og sögðu svigrúm til vaxtalækkunar.

- 15** STJÓRN EIRAR ÁKVAÐ AÐ ÓSKA EFTIR GREIÐSLUSTÖÐVUN. Stjórnin hafði reynt frá því hún tók við í desember árið 2012 að leysa greiðsluvanda hjúkrunarheimilisins. Gerð var tilraun til að semja við íbúa og íbúðaréttarhafa án árangurs. Jón Sigurðsson, formaður stjórnar Eirar, sagði að engin röskun yrði á þjónustu og umönnun og að áfram yrði unnið að nauðarsamningum og endurskipulagningu á rekstri félagsins.



- 15** MP BANKI TILKYNNTI AÐ GERT HAFI VERIÐ TILBOÐ Í ALLT HLUTAFÉ Í ÍSLENSKUM VERÐBRÉFUM HF. OG HEFÐI TILSKILINN MEIRIHLUTI EIGENDA FÉLAGSINS GENGIÐ AÐ SKILMÁLUM TILBOÐSINS. Kaupverð var greitt með hlutabréfum í MP banka. Í tilkynningu frá MP banka sagði að sameiginlega yrðu félögin „í hópi þriggja stærstu fyrirtækja á Íslandi á sviði eignastýringar með um 190 milljarða eignir í stýringu.“ Bankinn tilkynnti einnig að hann hyggðist bjóða Akureyringum upp á aukna bankaþjónustu með opnun útibús á Akureyri.



- 16** EYBÓR INGI GUNNLAUGSSON FLUTTI FRAMLAG ÍSLANDS Í UNÐANKEPPNI SÖNGVAKEPPNINNAR EUROSIVISION, SÖNGVAKEPPNI EVRÓPSKRA SJÓNVARPSSTÖÐVA. Keppnin fór fram í Malmö í Svíðþjóð og stóð Eybór sig með stakri þrýði en hann flutti lagið Ég á líf á íslensku en það var í fyrsta sinn frá því 1997 sem Íslendingar sungu á móðurmálinu í keppninni. Með framlagi sínu komst Eybór og sveit Íslands áfram í lokakeppni söngvakeppninnar.

- 18** EYBÓR INGI GUNNLAUGSSON FLUTTI FRAMLAG ÍSLANDS Í LOKAKEPPNI EUROSIVISION. Almennt voru Eurovision spekingar sammála um að íslenska sveitin hefði staðið sig vel. Ísland hafnaði í 17. sæti keppninnar.





21 FLOKKSRAÐ SJÁLFSTÆDISFLOKKSINS OG MIÐSTJÓRN FRAMSÓKNARFLOKKSINS VORU KÖLLUÐ TIL FUNDA. Tilfni fundanna var að bera undir flokksstofnanirnar stjórnarsáttmála flokkanna. Báðir flokkarnir samþykktu stjórnarsáttmálann á fundum sínum einróma.

22 STJÓRNARSÁTTMÁLI FRAMSÓKNARFLOKKS OG SJÁLFSTÆDISFLOKKS VAR KYNNTUR ALMENNINGI Á BLAÐAMANNAFUNDI SEM HALDINN VAR Í HÉRAÐSKÓLANUM Á LAUGARVATNI. Fyrir fundinn hafði Sigmundur Davíð kynnt forseta Íslands innihald stjórnarsáttmálans á fundi. Síðar þennan dag var tilkynnt um ráðherraskipan nýrrar ríkisstjórnar Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks. Ákveðið var að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson skyldi taka við embætti forsætisráðherra og Bjarni Benediktsson yrði fjármála- og efnahagsráðherra. Aðrir í ríkisstjórn voru frá Framsóknarflokki þau Gunnar Bragi Sveinsson sem var skipaður utanríkisráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson varð sjávarútvegs-, landbúnaðar- og umhverfisráðherra og Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra. Fyrir Sjálfstæðisflokkinn tók Hanna Birna Kristjánsdóttir við innanríkisráðuneytinu, Illugi Gunnarsson varð mennta- og menningarmálaráðherra, Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra og Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra.

23 TVEIR RÍKISRÁÐSFUNDIR VORU HALDNIR Á BESSASTÖÐUM. Annarsvegar var það síðasti ríkisráðsfundur ríkisstjórnar Jóhónnu Sigurðardóttur og Steingríms J. Sigfússonar og hinsvegar fyrsti ríkisráðsfundur ríkisstjórnar Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar og Bjarna Benediktssonar.

24 NÝ RÍKISSTJÓRN TÓK FORMLEGA VIÐ.

24 NÝ RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS ÁKVAÐ Á FYRSTA RÍKISSTJÓRNARFUNDI SÍNUM AÐ SKIPA RÁÐHERRANEFND UM ÚRLAUSNIR Í SKULDAMÁLUM HEIMILANNA.



Í ráðherranefndinni sátu Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra, Eygló Harðardóttir, félagsmálaráðherra, Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra og Hanna Birna Kristjánsdóttir, innanríkisráðherra. Í stefnuyfirlýsingu ríkistjórnarinnar var kveðið á um að taka skyldi á skuldavanda íslenskra heimila með markvissum aðgerðum.



24 SFR OG VR KYNNTU NIÐURSTÖÐUR VIÐHORFSKÖNNUNAR UM Fyrirtæki ársins og Stofnun ársins á Hilton Reykjavík. Stofnanir ársins voru þrjár, en verðlaunað var fyrir ákveðna stærðarflokka. **Sérstakur saksóknari** var sigurvegari þriðja árið í röð í flokki stórra stofnana með fleiri en 50 starfsmenn. **Landmælingar** var stofnun ársins í flokki meðalstórra stofnana þar sem starfsmenn eru 20-49 talsins og í flokki stofnana þar sem starfsmenn eru færri en 20 var **Sýslumaðurinn á Siglufirði** stofnun ársins.

Í hópi fyrirtækja var **Johan Rønning** valið Fyrirtæki ársins, annað árið í röð, í hópi stærri fyrirtækja þar sem starfsmenn eru

að lágmarki fimmtíu. **Miracle** var fyrirtæki ársins í hópi fyrirtækja með 20 – 49 starfsmenn og **Vinnuföt** í hópi fyrirtækja þar sem starfsmenn eru færri en tuttugu.



27 RÓBERT WESSMAN, FORSTJÓRI ALVOGEN, KYNNTI TILLÖGUR UM LAUSN Á SNJÓHENGJUANDAMÁLINU. Tillögurnar fólu í sér að sett yrði ákvæði í íslenska löggjöf um að náist ekki nauðasamningar fyrir næstu áramót þá beri slitastjórnnum bankanna að setja þá í þrot. Þá sagði Róbert að skerpa þyrfti á gjaldþrotalöggjöf þannig að einungis sé heimilt að greiða út úr íslenskum þrotabúum í íslenski mynt og afnema þurfi undanþágur sem heimili vaxtagreiðslur til erlendra eigenda krónueigna í erlendri mynt. Tillögurnar miða að því að lágmarka skaðann sem getur hlotist af því þegar erlendir kröfuhafar hyggjast leysa út íslenskar krónueignir.



28 FORSETI FINNLANDS, SAULI NIINISTÖ, KOM TIL ÍSLANDS Í OPINBERA HEIMSÓKN. Í heimsókn sinni sem varði í tvo daga fundaði hann ásamt eiginkonu sinni m.a. með forsetahjónunum á Bessastöðum, Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra og fór í skoðunarferðir.

29 GUNNAR BRAGI SVEINSSON, NÝR UTANRÍKISRÁÐHERRA, TILKYNNTI AÐ ALLRI VINNU Í UTANRÍKISRÁÐUNEYTNINU VEGNA AÐILDAVIÐRÆÐNA VIÐ ESB HEFÐI VERIÐ HÆTT. Hann tilkynnti að hann hyggðist funda með Stefan Fühle, stækkunarstjóra ESB, eftir tvær vikur og tilkynna formlega ákvörðun Íslands um að gera hlé á viðræðum.



29 EFNAHAGS OG FRAMFARASTOFNUNIN, OECD, BIRTI EFNAHAGSSPÁ SÍNA. Á Íslandi var spáð hægfarena hagvexti og 2,5 % hagvexti árið 2014. Í efnahagsspánni er gert ráð fyrir því að af fyrirhuguðum áætlunum í fjárfestingum við uppbyggingu orkufreks iðnaðar verði. Í spánni var jafnframt gert ráð fyrir að verðbólga færi minnkandi ásamt skuldum ríkisins sem hlutfall af þjóðarframleiðslu.

29 STEINUNN GUÐBJARTSDÓTTIR, FORMÆÐUR SLITASTJÓRNAR GLITNIS, SAGÐI Í ÞÆTTINUM *Spegillinn* á Rás 1 að slitastjórn Glitnis væri tilbúin til viðræðna við stjórnvöld um uppgjör þrotabúsins. Hún sagði frumvarp að nauðasamningi tilbúið af hálfu bankans.



30 ÍSLANDBANKI BIRTI ÁRSHLUTAUPPGJÖR FYRSTA ÁRSEJÓRÐUNGS. Í tilkynningu frá bankanum kom fram að afkoma bankans eftir skatta hafi verið jákvæð um 4,6 ma. kr. á fyrsta ársfjórðungi 2013, samanborið við 5,6 ma. kr. á sama tímabili 2012. Í tilkynningunni sagði að arðsemi eigin fjár eftir skatta hafi lækkað í 12,2% sem skýrist að „mestu af hærra eigin fé, sem hefur hækkað um 18% á milli ára, eða frá 129 ma. kr. í 152. ma. kr.“



31 HAGSTOFAN BIRTI TÖLUR UM VÖRUSKIPTAJÖFNUÐ FYRIR FYRSTU FJÓRA MÁNUÐI ÁRSINS. Fluttar voru út á fyrstu fjóru mánuðum ársins vörur fyrir 207,8 milljarða króna en inn fyrir 177,3 milljarða króna. 30,5 milljarða króna afgangur var því á vöruskiptum við útlönd skv. tilkynningu Hagstofunnar. Á sama tíma árs 2012 voru þau hagstæð um 27,7 milljarða á gengi hvors árs. Vöruskiptajöfnuðurinn var því 2,8 milljörðum króna hagstæðari en á sama tíma árið áður.

JÚNÍ



1 ORLOFSUPPBÓT TIL FÉLAGSMANNA SSF VAR GREIDD ÚT AÐ UPPHÆÐ 21.000 KR. FYRIR FULLT STARF Á LIÐNU ORLOFSÁRI.

MENNING



1 GUÐBERGUR BERGSSON, RITHÖFUNDUR, HLAUT HEIÐURSDOKTORSNAFN BÓT FRÁ HÁSKÓLA ÍSLANDS. Vigdís Finnbogadóttir opnaði málþing til heiðurs Guðbergi og sagði hann hafa brotið blað í íslenskri bókmenntasögu.

STJÓRN



MÁL

3 GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON, FORMAÐUR BJARTRAR FRAMTÍÐAR, OG ÁRNI PÁLL ÁRNASON, FORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR, GAGNRÝNDU Í FRÉTTUM RÚV BOÐUN ÞINGSETNINGAR EFTIR AÐ HAFI FENGIÐ STAÐFESTINGU Á DAGSETNINGU ÞEGAR MÖTUNEYTI ÞINGSINS SENDI ÚT MATSEÐIL. Þeir gagnrýndu samráðsleysi í tengslum við fyrirhugað sumarþing. Þeir gagnrýndu það að engin formleg tilkynning hefði verið send út til þingmanna um þingsetningu eða boðað formlega til þings.

3 SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON FUNDAÐI MEÐ DMITRY MEDVEDEV, FORSÆTISRÁÐHERRA RÚSSLANDS, Í TENGLUM VIÐ LEIÐTOGAFUNDI AÐILDARRÍKJA BARENTSRÁÐSINS SEM ÞEIR SÓTTU Í KIRKENES Í NOREGI.



4 HINN SÍVINSÆLI OG ÁSTSÆLI FJÖLMÍÐLAMÁÐUR HERMANN GUNNARSSON, HEMMI GUNN, LÉST ÞENNAN DAG. Hermann lést úr hjartaáfalli er hann var staddur í fríu í Tælandi. Hann var 66 ára gamall. Hermann var fæddur 9. desember 1946 og var sonur hjónanna Bjargar Sigríðar Hermannsdóttur og Gunnars Gíslasonar. Hermann var á meðal fremstu íþróttamanna þjóðarinnar á sínum



tíma og var landsliðsmaður bæði í knattspyrnu og handknattleik. Hann starfaði í áratugi við fjölmíðla og var einn ástsælasti útvarps- og sjónvarpsmaður þjóðarinnar.

5 HERMANN VAR VIÐA MINNST OG VAR M.A. HALDIN MINNINGARSTUND Í HÁTÍÐARSAL VALS. Á heimasíðu félagsins kom fram að félagið kæmi saman til að minnst „eins af þekktustu og bestu sonum knattspyrnufélags Vals með þakklæti og virðingu.“ Hans var víða minnst á þessum degi t.a.m. í útvarpi og sjónvarpi og þá var klappað í heila mínútu áður en landsleikur Íslands og Slóveníu hófst á Laugardalsvelli í undankeppni HM en sá leikur fór fram nokkrum dögum eftir andlát Hermanns.



6 SEÐLABANKINN GAF ÚT SAMANTEKT VARDANDI HREINAR EIGNIR LÍFEYRISSJÓÐANNA. Samkvæmt tölum Seðlabankans jukust eignir lífeyrissjóðanna um 11 milljarða króna í apríl 2013. Hrein eign sjóðanna nam 2.463 milljörðum króna á þessum tímapunkti.

7 RÚV GREINDI FRÁ ÞVI AÐ UM 54 ÞÚSUND ERLENDIR FERÐAMENN HAFI FARIÐ FRÁ LANDINU UM FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR Í MAÍ 2013. Það er um 8 þúsund fleiri ferðamenn en í sama mánuði árið 2012. 18,6 % fjölgun ferðamanna var því milli ára í maí. „Fjöldinn hefur nærri þrefaldast síðustu tólf árin en í maí 2002 voru nítján þúsund erlendir ferðamenn hér“ sagði í fréttum RÚV.

STJÓRN



MÁL

10 SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON, FORSÆTISRÁÐHERRA, FLUTTI SÍNA FYRSTU STEFNURÆÐU SEM FORSÆTISRÁÐHERRA.

10 BJARNI BENEDIKTSSON, EFNAHAGS- OG FJÁRMÁLARÁÐHERRA, SAGÐI RÍKISSTJÓRNINA STEFNA AÐ HALLALOUSUM FJÁRLÖGUM ÁRIÐ 2015.



10 FYRSTA TÖLUBLAÐ SSF-BLAÐSINS ÁRIÐ 2013 KOM ÚT.

BANKAMÁL



11 RÚV TÓK SAMAN OG FJALLAÐI UM ÞANN KOSTNAÐ SEM ÍSLENDINGAR BORGHA FYRIR DEBETKORTAFÆRSLUR. Fram kom að kostnaðurinn fyrir þær næstum 65 milljón debetkortafærslur Íslendinga á ári næmi um einum milljarði króna á ári. Gjald er tekið fyrir debetkortafærslur en verðlagningin er misjöfn milli banka.

12 MÁR GUÐMUNDSSON, SEÐLABANKASTJÓRI, GERÐI GREIN FYRIR ÁKVÖRDUN PENINGASTEFNUNEFNDAR UM AÐ HALDA STYRIVÖXTUM ÖBREYTTUM. Sagði hann helstu skýringu fyrir óbreyttum vöxtum vera minni hagvöxt á fyrsta ársfjórðungi en gert hafi verið ráð fyrir, það þýddi þó ekki minni hagvöxt fyrir allt árið. Hann sagði að gengi krónunnar hefði verið stöðugt að undanfögnu, verðbólga hafi minnkað og að efnahagsbatinn væri í aðalatriðum í samræmi við spár.





12 SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON, FORSETISRÁÐHERRA, OG BJARNI BENEDIKTSSON, FJÁRMÁLARÁÐHERRA, HÉLDU BLAÐAMANNAFUND Í ÞJÓÐMENNINGARHÚSINU OG KYNNTU SAMANTEKT UM RÍKISFJÁRMÁLIN. Meginniðurstaða fundarins var að heildartekjur ríkissjóðs á þessu ári gætu orðið allt að átta milljörðum króna lægri en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

13 MARIA DAMANAKI, SJÁVARÚTVEGSSTJÓRI EVRÓPUSAMBANDSINS, SAGÐI Í SAMTALI VIÐ FRÉTTAMANN BBC AÐ RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS YRÐI AÐ SEMJA ÁN TAFAR VIÐ ESB Í MAKRÍLDEILUNNI SVO EKKI ÞURFI AÐ KOMA TIL REFSIADGERÐA.

13 GUNNAR BRAGI SVEINSSON, UTANRÍKISRÁÐHERRA, GEKK Á FUND STEFANS FÜLE, STÆKKUNARSTJÓRA ESB, Í BRUSSEL. Eftir fundinn var boðað til blaðamannafundar þar sem greint var frá því að Gunnar Bragi hefði tilkynnt honum að Ísland hyggðist gera hlé á aðildarviðræðum sínum við ESB. Stefan Füle sagði af þessu tilefni að þetta væru vonbrigði en að afstaða ESB væri áfram sú að Ísland ætti heima innan ESB og að dyrnar stæðu Íslendingum enn opnar en ekki væri hægt að fresta umsóknarferlinu endalaust.



14 ALÞJÓÐAGJALDEYRISJÓÐURINN KYNNTI NIÐURSTÖÐUR ÚTTEKTAR SJÓÐSINS Á ÍSLENSKU EFNAHAGSLÍFI. Daria Zakharova, yfirmaður sendinefndar Alþjóða gjaldeyrissjóðsins, kynnti niðurstöðurnar og sagði að helsti vandi íslensks efnahagslífs vera afleiðingar hrunsins og þar vege fjármagnshöftin þyngst að hennar mati. Í yfirlýsingu sjóðsins var svigrúm til skuldaleiðréttinga sagt vera lítið og ef að hagstæðir samningar næðust við kröfuhafa þrotabús gömlu bankanna sem gæfu af sér „óvænta uppsprettu fjár“ væri réttast að nýta þá fjármuni í þágu allra landsmanna t.d. með því að greiða niður opinberar skuldir.



15 ÁKVÖRÐUN FORSETAFRÚARINNAR DORRIT MOUSSAIEFF AÐ FÆRA LÖGHEIMILI SITT TIL BRETALANDS SÆTTI GAGNRÝNI. Dórrit sendi frá sér yfirlýsingu og kom fram í fjölmiðlum og útskýrði að ákvörðun sín snéri að lofordi sem hún hefði gefið foreldrum sínum um að taka við fjölskyldufyrirtækinu í Bretlandi. Á þeim tíma taldi hún að Ólafur yrði ekki forseti Íslands næstu fjögur árin. Hún þvertók fyrir þær getgátur að ákvörðunin tengdist skattamálum á nokkurn hátt. Síðar á þessum degi sagði hún bresk skattalög knýja hana til að færa lögheimili sitt vagna fjölskyldufyrirtækisins.

16 MARIA DAMANAKI, SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA ESB, SAGÐI ÞOLINMÆÐI SAMBANDSINS GAGNVART ÍSLANDI Í MAKRÍLDEILUNNI Á ÞROTUM. Hún sagði frekari samningaviðræður óþarfar og að hún myndi gera grein fyrir refsiaðgerðum gegn Íslandi á Evrópuþinginu. Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegsráðherra, undraðist orð Damanaki en hann sagði að þau hefðu átt ánægjulegan fund um stöðuna viku áður en hún lét ummælin falla.



17 HÁTÍÐARDAGSKRÁ VAR BOÐUÐ VIÐSVEGAR UM LANDIÐ Í TILEFNI AF ÞJÓÐHÁTÍÐARDEGI ÍSLENDINGA. Forseti Íslands sámdi níu Íslendinga heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu á Bessastöðum.



18 FYRSTA LANGREYÐ HVALVEIÐIVERTÍÐARINNAR VAR VEIDD OG HÚN DREGIN Á LAND.

18 ÞEIR EYÞÓR EÐVALDSSON, KJARTAN JAKOB HAUSSON, EINAR ÖRN SIGURDÓRSSON OG SVANUR WILCOX KOMU TIL ORKNEYJAR Á FÖR SINNI YFIR ATLANTSHAFIÐ. Leiðangur þeirra lá frá Noregi yfir til Íslands á sérstökum úthafsróðrabáti.



18 SÉRSTÖK UMREÐA FÓR FRAM Á AÞINGI UM STÖÐU RÍKISFJÁRMÁLA. Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra, sagði uppsafnaðan halla ríkissjóðs frá 2009 stefna í 400 milljarða króna. Hann sagði of mikla bjartsýni hafa gætt við vinnu að fjárlagagerð ársins 2013. Steingrímur J. Sigfússon sagði ríkisstjórnina draga upp of dökka mynd af stöðu ríkisfjármála.



19 SKÝRSLA EUROFUND, SEM FJALLAR UM LÍFSKJÖR OG VINNUMARKAÐ INNAN ESB, VAR BIRT. Í skýrslunni var farið yfir svarta atvinnustarfsemi á Íslandi. Skv. skýrslunni er svört atvinnustarfsemi hér á landi um fimmtán prósent af vergri landsframleiðslu eða sem nemur yfir 200 milljarða íslenskra króna. Skv. tölum skýrslunnar var mest um svarta atvinnu í farþegaflutningum, eða 27%, í byggingariðnaði um 22%, 13% hjá starfsmönnum gistiheimila og 4,6% hjá starfsmönnum veitingastaða.



19 KVENNARÉTTINDAGURINN VAR HALDINN HÁTÍÐLEGUR. HALDIÐ VAR UPP Á AÐ LIÐIN VÆRU 98 ÁR FRÁ ÞVÍ KONUR 40 ÁRA OG ELDRI FENGU KOSNINGARÉTT OG KJÖRGENGI TIL ALÞINGIS.



19 ÓLAFUR EÐVARÐ RAFNSSON, FORSETI ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS OG FORSETI FIBA EUROPE, VARÐ BRÁÐKVADDUR Í SVISS ÞAR SEM HANN SÓTTI FUND Í MIÐSTJÓRN FIBA WORLD, ALÞJÓÐA KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDSINS. Ólafur lést fimmtugur að aldri og lætur eftir sig eiginkonu og þrjú börn. Ólafur var víða minnst en hann hafði um árabil lagt mikið af mörkum til uppbyggingar íþróttaiðkunar á Íslandi.





- 21** NÝTT TÖLUBLAÐ FRJÁLSSRAR VERSLUNAR KOM ÚT, AÐ ÞESSU SINNI TILEINKAÐ KONUM Á VINNUMARKAÐI. Í blaðinu var birt úttekt VR á launamuni kynjanna og kom þar fram að konur verði af fimm milljörðum króna á ári vegna launamunar kynjanna.



- 25** OPINBER HEIMSÓKN FORSETA ÍSLANDS OG EIGINKONU HANS TIL ÞÝSKALANDS HÓFST Í BERLÍN MEÐ MÓTTÖKUATHÖFN Í BELLEVUE HÖLLINI. Í heimsókn sinni til Þýskalands hitti forsetinn m.a. forseta Þýskalands, forseta sambandsþingsins og Angelu Merkel kanslara.



- 26** BRESKA TÍMARITID THE LAWYER VALDI TIM WARD, SEM VAR AÐALMÁLFLUTNINGSMÁÐUR ÍSLANDS Í ICESAVE-MÁLINU FYRIR EFTA-DÓMSTÓLNUM, MÁLFLUTNINGSMANN ÁRSINS.

- 27** SKÝRSLA SAMSTARFSNEFNDAR UM AÐGERÐAÁÆTLUN Í LOFTSLAGSMÁLUM BIRTI NIÐURSTÖÐUR UM LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA FRÁ ÁRINU 2008 TIL 2010. Samkvæmt skýrslunni dróst losun gróðurhúsalofttegunda saman um 9% frá 2008 til 2010 á Íslandi. Losun á árinu 2010 var 5% lægri en áætlun hafði gert ráð fyrir.

- 28** ÞJÓÐHAGSPÁ HAGSTOFU ÍSLANDS KOM ÚT. Í spánni var gert ráð fyrir minnkandi hagvexti og minni einkaneyslu. Gert var ráð fyrir að hagvöxtur á árinu yrði 1,7% sem er litlu meiri hagvöxtur en árið 2012.



SEÐLABANKINN TILKYNNTI AÐ BANKINN HEFÐI LOKAÐ SÍÐUSTU SEÐLAGEYMSLU SEÐLABANKA ÍSLANDS UTAN REYKJAVÍKUR. „Flestar urðu þær 24 talsins árið 1980 en síðasta áratuginn hefur þeim farið fækkandi jafnt og þétt, þar til þeirri síðustu var lokað“ segir í tilkynningu bankans.



- 28** ÞING EVRÓPURÁÐSINS SAMÞYKKTÍ ÁLYKTUN LAGA- OG MANNRÉTTINDANEFNDAR ÞESS UM VERND STJÓRN MÁLAMANNA Í EMBÆTTI FYRIR ÁKÆRUM VEGNA PÓLÍTIKRA ÁKVARÐANNA. Í skýrslunni voru réttarhöldin yfir Geir Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra og Júlíu Tymoshenko, fyrrverandi forsætisráðherra Úkraínu gagnrýnd harkalega. Geir H. Haarde sendi frá sér yfirlýsingu í kjölfarið þar sem hann sagði ályktunina sigur fyrir sig í málinu. „Niðurstaðan lýsir fordæmingu á pólitískum sakamálaréttarhöldum þar sem fólk er ákært fyrir pólitískar ákvarðanir eða skoðanir. Það er sannarlega dapurlegt að Ísland skuli með landsdómsmálinu hafa verið komið í slíkan félagsskap af þáverandi ráðamönnum þjóðarinnar“ segir í yfirlýsingu Geirs.

- 30** BAN KI-MOON, AÐALFRAMKVÆMDASTJÓRI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA, KOM Í OPINBERA HEIMSÓKN TIL ÍSLANDS. Í heimsókninni átti Ban Ki-moon m.a. fund með forsætisráðherra, utanríkisráðherra og forseta Íslands, en einnig var farið í skoðunarferð um landið.



JÚLÍ



- 1** RÓBERT ARNFINNSSON LEIKARI LÉST Á NÍTUGASTA ALDURSÁRI. Róbert fæddist í Leipzig í Þýskalandi 16. ágúst árið 1923. Hann var landsþekktur leikari og lék í fjölda leikrita, sjónvarpsþátta og kvikmynda á yfir sextíu ára leikferli.

Róbert lætur eftir sig eiginkonu, þrjár dætur, barnabörn og barnabarnabörn.



- 1** SAMGÖNGUSTOFA TÓK TIL STARFA. STOFNUNIN ER NÝ OG TEKUR VIÐ HLUTVERKI UMFERÐARSTOFU, FLUGMÁLSTJÓRNAR OG ÞVÍ HLUTVERKI SIGLINGASTOFNUNAR SEM SNÝR AÐ SKIPUM OG ÁHÖFNUM.



- 2** RANNSÓKNARNEFND ALÞINGIS UM ÍBÚÐALÁNASJÓÐ GAF ÚT SKÝRSLU SÍNA UM STÖRF ÍBÚÐALÁNASJÓÐS Á UNÐANFÖRNUM ÁRUM. Í skýrslunni eru ákvarðanir stjórnvalda og stjórnenda gagnrýndar og gert grein fyrir öðrum ástæðum sem höfðu slæm áhrif á stöðu sjóðsins. Þórarinn G. Pétursson, aðalhogfræðingur Seðlabankans og þáverandi forstöðumaður rannsóknar- og spádeildar hagfræðisviðs bankans, sagði í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um efnahagshrunið að ein alvarlegustu mistök í hagstjórn á Íslandi síðustu árin hafi verið breytingin á íbúðalánakerfinu 2004.



- 2** SKULDABRÉF ARION BANKA HF. Í NORSKUM KRÓNUM VORU TEKIN TIL VIÐSKIPTA Í KAUPHÖLLINI Í OSLÓ. Heildarútgáfa skuldabréfaflokksins voru 500 milljónir norskra króna að nafnvirði, eða um 11,2 milljarðar íslenskra króna. Útgáfan var sú fyrsta sinnar tegundar hjá íslensku fjármálafyrirtæki frá árinu 2007.

- 5** STJÓRNIR SPARISJÓÐS SVARFDÆLA OG SPARISJÓÐS ÞÓRSHAFNAR OG NÁGRENNIS KOMU SAMAN Á HLUTHAFUNDI OG SAMÞYKKTU EINRÓMA AÐ SAMEINAST Í SPARISJÓÐ NORÐURLANDS, MEÐ HÖFUÐSTÖÐVAR Á DALVÍK.



- 5** FRUMVARP TIL LAGA UM VEIÐIGJALD VAR SAMÞYKKT Á ALÞINGI EFTIR LANGAR OG HARÐAR DEILUR Á SUMARÞINGI. Frumvarpið fól í meginatriðum í sér að veiðigjald lækkaði á botnfisksafla en hækkaði á veiðar uppsjávaraflla.



- 9** ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON, LEIKARI, VAR VALINN BESTI LEIKARI Í AÐALHLUTVERKI Á KARLOVY VARY-KVIKMYNDAHÁTÍÐINI Í TÉKKLANDI FYRIR LEIK SINN Í KVIKMYNDINI XL.



- 9** ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON FORSETI STAÐFESTI LÖG UM VEIÐIGJALD ÞRÁTT FYRIR MÓTMÆLI. Hann sagði lögin ekki innihalda breytingar á stjórn fiskveiða og væri ekki það veigamikil breyting á lögum að það réttlætti það að hann synjaði staðfestingu á lögum.

- 11** EMBÆTTI UMBOÐSMANNS ALÞINGIS VARÐ 25 ÁRA OG AF ÞVÍ TILEFNI AFHENTI ALÞINGI EMBÆTTINU HÚSIÐ ÞÓRSHAMAR EN ÁÐUR HAFÐI HÚSIÐ HÝST SKRIFSTOFUR ALÞINGISMANNA.



- 12** SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON, FORSÆTISRÁÐHERRA OG FYRSTI ÞINGMAÐUR NORÐAUSTURKJÖRDÆMIS, ÞRÝSTI Á SPRENGIHNAPPINN VIÐ FYRSTU SPRENGINGU VIÐ GERÐ VAÐLAHEIÐARGANGA. Byrjað var að sprengja fyrir göngum undir Vaðlaheiði í Eyjafirði. Áætlað er að göngin verði tilbúin árið 2016.

- 15** SKRÁÐ ATVINNULEYSI Í JÚNÍ VAR 3,9% SAMKVÆMT TÖLUM VINNUMÁLASTOFNUNAR. Atvinnuleysið minnkaði um 0,4% milli mánaða og um 0,9% frá því í júní 2012 og hafði atvinnuleysi ekki mælst minna frá því í nóvember 2008.



- 16** SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON, FORSÆTISRÁÐHERRA, HÉLT TIL BRUSSEL TIL FUNDAR MEÐ HERMAN VAN ROMPUY, FORSETA LEIÐTOGARÁÐS EVRÓPUSAMBANDSINS, OG JOSE MANUEL BARROSO, FORSETA FRAMKVÆMDASTJÓRNAR SAMBANDSINS.



- 16** BANKASÝSLA RÍKISINS GAF ÚT SKÝRSLU UM STARFSEMI STOFNUNARINNAR. Í skýrslunni kom fram að stofnunin teldi mikilvægt að kanna skráningu á hlutabréfum Landsbankans á innlenda og erlenda hlutabréfamarkaði.



- 17** NIÐURSTAÐA RÍKISREIKNINGS FYRIR ÁRIÐ 2012 SÝNDI AÐ AFKOMA RÍKISSJÓÐS ÁRIÐ 2012 VARÐ TÍU MILLJÖRÐUM KRÓNA LAKARI EN GERT VAR RÁÐ FYRIR ÞEGAR FJÁRLÖG OG FJÁRAUKALÖG VORU SAMÞYKKT Í DESEMBER 2012. „36 milljarða króna halli var á rekstri ríkissjóðs í fyrra þegar titið er til allra útgjalda og tekna“ sagði í tilkynningu fjármálaráðuneytisins.

- 19** PÁLL HARÐARSON, FORSTJÓRI KAUPHALLARINNAR, SAGÐI Í FRÉTTUM RÚV LÍF VERA AÐ FÆRAST Í HLUTABRÉFAMARKAÐINN. „Við höfum séð sex nýskráningar á um einu og hálfu ári. Það hefur færst aukið líf í markaðinn og við höfum séð að segja má stakkaskipti á honum frá í desember 2011“ sagði Páll.

- 20** VAXANDI ÓÁNÆGJA MEÐ ÁLAG OG NIÐURSKURÐ Á LANDSPÍTALANUM VARÐ ÁBERANDI Í UMRÆÐUNNI. Niðurstaða starfsumhverfiskönnunar sem gerð var meðal starfsmanna spítalans sl. vor sýndi að um 60% starfsmanna Landspítalans töldu vinnuálag of mikið eða allt of mikið.

- 24** ÁLAGNINGARSEÐLAR EINSTAKLINGA URÐU AÐGENGILEGIR Á ÞJÓNUSTUVEF RÍKISSKATTSTJÓRA.

- 24** FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ BIRTI NIÐURSTÖÐU Á ÁLAGNINGU OPINBERRA GJALDA VEGNA ÁRSINS 2012. Í niðurstöðunum sem byggðar eru á álagningu opinberra gjalda á einstaklinga kemur fram að tekjuskatts- og útsvarstofn landsmanna árið 2013 vegna tekna árið 2012 hafði aukist um 6,4% frá því sem það var árið 2011. Á vef fjármálaráðuneytisins kemur fram að útsvarstekjur sveitarfélaga voru 139,2 milljarðar árið 2012 sem var 6,7% aukning frá 2011.



- 25** GREINT VAR FRÁ ÞVÍ Í MORGUNBLAÐINU AÐ LANDSPÍTALINN HEFÐI HAFIÐ AÐ VINNA AÐ UNDIRBÚNINGI NEYÐARÁÆTLUNAR EF TIL UPPSAGNA GEISLAFRÆÐINGA TÆKJU GILDI VIÐ UPPHAF ÁGÚSTMÁNAÐAR.



- 27** JÓHANNES JÓNSSON, KAUPMAÐUR OG STOFNANDI BÓNUS, LÉST 72 ÁRA AÐ ALDRI. Jóhannes fæddist í Reykjavík 31. ágúst 1940. Hann lést eftir nokkurra ára baráttu við krabbamein. Jóhannes lætur eftir sig eiginkonu, tvö börn, tvö stjúpbörn og fimm barnabörn.



- 31** SKRIFSTOFU ALÞJÓÐAGJALDEYRISJÓÐSINS Á ÍSLANDI VAR LOKAÐ. Fráfarandi sendifulltrúi sjóðsins segir að endurreisnaráætlun Íslands hafi skilað gífurlegum árangri.

ÁGÚST

ANN AÐ

2013

1 SAMNINGAR TÓKUST Í KJARADEILU GEISLAFRÆÐINGA OG LANDSPÍTALANS UM NÓTTINA. Uppsagnir geislafræðinga tóku þó gildi um miðnætti á mánaðarmótunum júlí - ágúst. Geislafræðingar byrjuðu að mæta til vinnu og drógu 15 geislafræðingar uppsögn sína til baka samdægurs.

2 „ÍSLENSKT HEILBRIGÐISKERFI FÆRIST FRÁ ÞVÍ AÐ VERA MEÐAL ÞEIRRA FREMSTU Í HEIMINUM OG NÆR ÞVÍ SEM BÚAST MEGI VIÐ HJÁ LÍTILLI AFSKEKKTRI ÞJÓÐ“ sögðu Einar Stefánsson og Sigurður Guðmundsson, starfandi læknar á Landspítalanum og prófessorar við Háskóla Íslands, í grein í Morgunblaðinu. Greinin vakti mikla athygli enda staða Landspítalans mikið til umræðu.

VIÐSKIPTI OG EFNAHAGSMÁL



7 SAMKVÆMT SKÝRSLU FERÐAMÁLANEFNDAR EVRÓPUSAMBANDSINS FJÓLGÆÐI FERÐAMÖNNUM HÉR Á LANDI UM ÞRJÁTÍU PRÓSENT Í APRÍL OG JÚNÍ.

7 KAUPSAMNINGAR UM FASTEIGNIR VORU RÚMLEGA 20% FLEIRI Í JÚLÍ EN JÚNÍ Í ÁR SKV MARKAÐSFRÉTTUM ÞJÓÐSKRÁR ÍSLANDS.

7 ÁRLEG SKÝRSLA ALÞJÓÐAGJALDEYRISJÓÐSINS UM EFNAHAGSHORFUR AÐILDARÍKJA SJÓÐSISN KOM ÚT. Þar kom fram að efnahagur Íslands væri á réttri leið en að það sé áhyggjuefni hversu hægt hafi á hagvexti. Í skýrslunni kom einnig fram að sjóðurinn teldi Ísland ekki hafa bolmagn til að framkvæma skuldaleiðréttingar lána.

BANKAMÁL



8 MORGUNBLAÐIÐ GREINDI FRÁ ÞVÍ AÐ FJÁRFESTINGAHÓPUR FRÁ ASÍU HEFÐI ÁHUGA Á AÐ KAUPA 95 % HLUT KRÖFUHAFNA GLITNIS Í ÍSLANDBANKA. Skv. heimildum blaðsins átti kaupverðið að vera 115 milljarðar króna. Í blaðinu kom jafnframt fram að slitastjórn Glitnis biði viðbragða frá íslenskum stjórnvöldum.

STJÓRN MÁL



8 FRAM KOM Í FRÉTTUM RÚV AÐ IPA STYRKIR EVRÓPUSAMBANDSINS, SEM ÆTLAÐIR ERU ÞJÓÐUM Í AÐILDARFERLI, LÆKKUÐU UM TÆPA FJÓRA MILLJARÐA VEGNA ÞESS AÐ ÍSLENSK STJÓRNVÖLD HAFI GERT HLÉ Á AÐILDARVIÐRÆÐUM VIÐ SAMBANDIÐ.

VIÐSKIPTI OG EFNAHAGSMÁL



11 ÞÓREY ÞÓRÐARDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI LANDSSAMTAKA LÍFEYRISJÓÐA, SAGÐI Í FRÉTTUM RÚV AÐ NAUÐSYNLEGT VÆRI AÐ AFLÉTTA GJALDEYRISHÖFTUM. Hún sagði að hætt væri við bólu myndun ef sjóðirnir gætu ekki fjárfest erlendis á næstu árum vegna haftanna. Mikil áhætta sé að fjárfesta einungis innan íslensks hagkerfis. „Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn reiknar með að aflétting

gjaldeyrishafta geti tekið allt að átta ár“ segir í frétt RÚV en Már Guðmundsson Seðlabankastjóri telur afnám hafta geta tekið skemmri tíma.

VIÐSKIPTI OG EFNAHAGSMÁL



12 FIMM LÍFEYRISJÓÐIR VORU FORMLEGA SAMEINADIR ÞEGAR FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ STAÐFESTI NÝJAR SAMBYKKTIR LÍFEYRISJÓÐS STARFSMANNA SVEITARFÉLAGA, LSS. Sjóðirnir sem sameinuðust voru Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar, Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar, Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar, Lífeyrissjóður Neskaupstaðar og Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar. Undirbuningur sameiningarinnar hafði staðið yfir frá því árið 2009.

STJÓRN MÁL



16 FÉLAGIÐ „HJARTAÐ Í VATNSMÝRINI“ HÓF UNDIRSKRIFTAÖFLUN ÞAR SEM SKORAÐ VAR Á BORGARSTJÓRN REYKJAVÍKUR OG ALÞINGI AÐ TRYGGJA ÓSKERTA FLUGSTARFSEMI Í VATNSMÝRINI.

VIÐSKIPTI OG EFNAHAGSMÁL



23 LANDSVIRKJUN GAF ÚT AFKOMUTÖLUR FYRIR FYRRI HLUTA ÁRSINS 2013. Fram kom að Landsvirkjun tapaði 6,3 milljörðum króna. Á sama tíma árið 2012 hagnaðist Landsvirkjun um rúman einn milljarð króna á fyrri hluta árs. Fyrirtækið sagði að tapið fyrstu sex mánuði ársins skýrðist „einkum af gangvirðisbreytingum á ál-afleiðum sem eru innbyggðar í orkusölusamninga.“



24 GOLFMÓT SSF FÓR FRAM Á GARÐAVELLI Á AKRANESI.

VIÐSKIPTI OG EFNAHAGSMÁL



27 FERÐAMÖNNUM HEFUR FJÓLGÆÐ MIKIÐ Á UNDAFÖRNUM ÁRUM OG HEFUR FJÖLDI ÞEIRRA TVÖFALDAST Á 6 ÁRUM. Verkfræðistofan ALTA vann skýrslu fyrir Ferðamálastofu en þar kemur fram að það stefni í að skattektur af ferðamönnum verði um 27 milljarðar króna á þessu ári auk sérgjalda og tolla.

BANKAMÁL



30 RÚV GREINDI FRÁ ÞVÍ AÐ ALLIR VIÐSKIPTABANKARNIR HEFÐU SKILAÐ ÁRSHLUTAUPPGJÖRI FYRIR FYRRI HLUTA ÁRSINS 2013. Fram kom í fréttatíma RÚV að „Landsbankinn skilaði fimmtán og hálf milljarðs króna hagnaði á fyrri hluta ársins. Arion banki hagnaðist um tæpa sex milljarða og Íslandsbanki um röska ellefu.“ Þá skilaði MP banki 460 milljón króna hagnaði á fyrri hluta ársins miðað við 119 milljónir um mitt síðasta ár. „Landsbankinn á einnig mest. Heildareignir hans nema tæpum 1.130 milljörðum króna. Arion á tæpa 930 milljarða. Íslandsbanki á röska 823 milljarða og MP banki á 68 milljarða“ eins og fram kom í fréttum RÚV.

SEPTEMBER

VIÐSKIPTI OG EFNAHAGSMÁL

1 LANDSBANKINN EIGNAÐIST Í DAG 99,9% PRÓSENT HLUT Í VERKTAKAFYRIRTÆKINU ÍSTAKI.

ANNAN

2013

2 SÉRSTÖK ÁÆTLUN TÓK GILDI Á LYFLÆKNINGASVIÐI LANDSPÍTALANS. Deildarstjóri á lyflækningasviði segir manneklu það mikla að ungir lækningar treysti sér ekki til að ráða sig í stöður deildarlækna, vegna gífurlegs vinnuálags. Hún taldi manneklu á deildinni bitna á öryggi sjúklinga.

3 LÆKNARÁÐ LANDSPÍTALANS ÍTREKAÐI ÁHYGGJUR LÆKNA AF MÖNNUN ALMENNRA LÆKNA Á LYFLÆKNINGASVIÐI SPÍTALANS. Í ályktun frá ráðinu segir að ástand, sem nú hefur skapast, hafi verið fyrirséð snemma í vor. Fréttir af álagi og því ástandi sem ríkti vegna mönnunar- og tækjamála spítalans urðu mjög áberandi.

STJÓRN MÁL

4 SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON, FORSÆTISRÁÐHERRA, SAT KVÖLDVERÐARBOÐ MEÐ LEIÐTOGUM NORÐURLANDANNA OG BARACK OBAMA, FORSETA BANDARÍKJANNA, Í EMBÆTTISBÚSTAÐ FORSÆTISRÁÐHERRA SVÍÐJÓÐAR Í STOKKHÓLMI.



5 VÍÐA VAR FJALLAÐ UM AÐ SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON, FORSÆTISRÁÐHERRA, HEFÐI VERIÐ Í ÓSAMSTÆÐUM SKÓM ÞEGAR HANN HITTIR BARACK OBAMA, FORSETA BANDARÍKJANNA OG LEIÐTOGA HINNA NORÐURLANDANNA Í STOKKHÓLMI. Sigmundur var í einum lakkskó og öðrum Nike-íþróttaskó eins og sjá má á mynd á vef forsætisráðuneytisins. Ástæðan var sýking í fæti. Myndir af ósamstæðu skónum vakti athygli út fyrir landsteinana.

ANNAN

2013

5 STJÓRN FÉLAGS ALMENNRA LÆKNA LÝSTI YFIR NEYÐARÁSTANDI Á LYFLÆKNINGASVIÐI LANDSPÍTALANS VEGNA MANNEKLU.

BANKAMÁL

5 VIÐSKIPTIABLAÐIÐ GREINDI FRÁ ÞVÍ AÐ MEÐALLAUN Í BÖNKUNUM ÞREMUR (ÍSLANDBANKA, LANDSBANKA OG ARION BANKA) HEFÐU HÆKKAÐ UM 20-30% Á ÞREMUR ÁRUM. Víglundur Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, dró launahækkunina í efa í fréttum RÚV og sagði laun starfsmanna í bönkunum hafa aðeins hækkað nokkrum prósentum meira en laun á almennum vinnumarkaði.

VIÐSKIPTI OG EFNAHAGSMÁL

6 HAGSTOFAN GREINDI FRÁ ÞVÍ AÐ FJÁRFESTING Á ÍSLANDI HEFÐI DREGIST SAMAN UM 13 % FYRSTU SEX MÁNUÐI ÁRSINS. LANDSFRAMLEIÐSLA JÓKST 2,2 % BORIÐ SAMAN VIÐ FYRSTU SEX MÁNUÐI ÁRSINS Í FYRRA. Þjóðarútgjöld drógust saman um 1 % á sama tíma, einkaneysla jókst um 1,2 % og samneysla um 1,1 %.

6 ALDREI HÖFÐU FLEIRI FERÐAMENN SÓTT ÍSLAND HEIM EN Í ÁGÚST 2013 SAMKVÆMT TÖLUM FERÐAMÁLASTOFU. 132 þúsund erlendir ferðamenn fóru um Keflavíkurflugvöll í mánuðinum.



6 FORMAÐUR SSF, FRIDBERT TRAUSTASON, KOMST Í HANN KRAPPAN Á LEIÐ SINNI FRÁ REYKJAVÍK Í ÍSAFJARÐARDJÚP ÞAR SEM HANN FERÐAÐIST MEÐ TENGDAFORELDNUM SÍNUM. Þar fékk Friðbert hvorki meira né minna en vegavinnuhefil inn í bifreið sína. Allir komust ómeiddir úr hremmingunum en bíll formannsins var gjörónýtur. Fjallað var um óhappið í 2. tölublaði SSF-bladsins og vakti talsverða athygli enda óhappið hið óvenjulegasta.

VIÐSKIPTI OG EFNAHAGSMÁL

6 TEKJUAFKOMA HINS OPINBERA REYNDIST NEIKVÆÐ UM RÚMA SEXTÁN MILLJARÐA KRÓNA Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRÐUNGI ÞESSA ÁRS SAMKVÆMT FRÉTT HAGSTOFUNNAR. Fram kom að væri lakari niðurstaða en á sama tíma í fyrra, þegar hún var neikvæð um rúma fjórtán milljarða króna.

ANNAN

2013

12 „LANDSPÍTALI Í BRÁÐRI HÆTTU“ VAR FYRIRSÖGN GREINAR Í FRÉTTABLAÐINU. Greinin var skrifuð af 20 yfirlæknum og prófessorum við spítalann. Í greininni sögðu þeir að „álag á lækna sé gríðarlegt og starfsánægja í lágmarki. Fyrir fjórum árum hafi 24 lækningar starfað á lyflækningasviðinu, nú séu þeir 10 og fækki enn. Þá sé fækkun lækna í einstökum sérgreinum svo sem krabbameinsnýrna- og hjartaskurðlækningum orðin grafalvarleg.“

STJÓRN MÁL

12 HEILBRIGÐISRÁÐHERRA BOÐAÐI TIL BLAÐAMANNAFUNDAR UM AÐGERÐIR SEM BÆTA EIGA STÖÐU LYFLÆKNINGASVIÐS LANDSPÍTALANS. „Ýmislegt verður gert til að bæta vinnuástöðu lækna á lyflækningasviði“ sagði Björn Zoëga, forstjóri LSH.

VIÐSKIPTI OG EFNAHAGSMÁL

19 FRAMLEGÐ ÍSLENSKA SJÁVARÚTVEGSINS HEFUR ALDREI VERIÐ MEIRI EN HÚN VAR ÁRIÐ 2011. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri skýrslu Íslandsbanka um sjávarútveg. Í skýrslunni kemur fram að rekstur sjávarútvegsfélaga á Íslandi væri „heilt yfir góður

og ytri skilyrði hagkvæm þó svo að afkoman sé misgóð milli fyrirtækja. Þrátt fyrir að nokkuð verðfall hafi orðið á mikilvægum fisktegundum hefur greinin tekist vel að aðlaga sig að þeim aðstæðum.“

STJÓRN



MÁL

20 FORSVARSMENN SAMTAKANNA HJARTIÐ Í VANTSMÝRI AFHENTU JÓNI GNARR BORGARSTJÓRA Í DAG HÁTT Í 70 ÞÚSUND UNDIRSKRIFTIR GEGN ÞVÍ AÐ REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR VERÐI FLUTTUR ÚR VATNSMÝRI. Samtökin höfðu aflað undirskriftanna á netinu og undirskriftarblöðum. Fjöldi undirskrifa vakti mikla athygli en þetta var talsvert fleiri undirskriftir en söfnuðust gegn Icesave-samningnum árið 2010 þegar 56 þúsund manns skrifuðu undir.

25 GÍSLI MARTEINN BALDURSSON, BORGARFULLTRÚI SJÁLFSTÆDISFLOKKS, TILKYNNTI AÐ HANN ÆTLAÐI AÐ HÆTTA SEM BORGARFULLTRÚI OG TAKA AFTUR TIL STARFA Á RÚV. Hann stýrir nú þættinum *Sunnudagsmorgunn* í Ríkissjónvarpinu.

BANKAMÁL



25 NÝR TÍU ÞÚSUND KRÓNA SEDILL VAR SETTUR Í UMFERÐ. Sedillinn er tileinkaður Jónasi Hallgrímssyni alþýðufræðara, skáldi, íslenskumanni og náttúrufræðingi. Sedlabanki Íslands hafði í langan tíma unnið að því að setja nýjan 10.000 kr. sedil í umferð. Sedillinn verður fyrsti nýji sedillinn sem tekinn er í notkun síðan að 2.000 króna sedillinn var settur í umferð árið 1995.

Í fréttatilkynningu Sedlabankans sagði að „tilgangur 10.000 kr. sedilsins er að gera greiðslumiðlun á Íslandi liprari og hagkvæmari.“



MENNING



25 ÍSLENSKA KVIKMYNDIN HROSS Í OSS SLÓ Í GEGN Á KVIKMYNDAHÁTÍÐINI SAN SEBASTIAN Á SPÁNI AÐ MATI PETERS BRADSHAW, BLAÐAMANS HJÁ BRESKA BLAÐINU THE GUARDIAN. Kvikmyndin var frumraun Benedikts Erlingssonar sem leikstjóri. Kvikmyndin fékk góða dóma.

ANNAÐ



27 BJÖRN ZOËGA TILKYNNTI AÐ HANN HEFÐI ÁKVÆÐIÐ AÐ LÁTA AF STÖRFUM SEM FORSTJÓRI LANDSPÍTALANS. Kristján Þór Júlíusson, heilbrigðisráðherra, sagði Björn hafa reynt „öflugur stjórnandi á erfiðum tímum“.

30 PÁLL MATTHÍASSON VAR TÍMABUNDIÐ RÁÐINN SEM NÝR FORSTJÓRI LANDSPÍTALANS.

BANKAMÁL



30 LANDSBANKINN TILKYNNTI AÐ BANKINN ÆTLAÐI AÐ OPNA NÝTT ÚTIBÚ Í VESTURBÆNUM Í REYKJAVÍK SEM VERÐUR MEÐ GJÖRBREYTTU SNIÐI.

Lögð verður ríkari áhersla á ráðgjöf og almenna þjónustu en í nýja útibúinu verða engar gjaldkerastúkur og starfsfólk mun ekki afgreiða reiðufé. „Viðskiptavinir geta þó sinnt öllum sínum venjulegu erindum eftir sem áður, borgað reikninga, millifært, tekið út reiðufé eða lagt inn á reikninga, en í stað þess að gera það hjá gjaldkera, munu þeir gera það í nýrri kynslóð hraðbanka og í tölvum sem verða aðgengilegar í útibúinu“ sagði Kristján Kristjánsson, upplýsingafulltrúi Landsbankans.

OKTÓBER

BANKAMÁL



1 LANDSBANKINN GREIDDI TÆPLEGA 10 MILLJARÐA KRÓNA Í ARÐ TIL RÍKISSJÓÐS. Gert var ráð fyrir arðgreiðslunum í fjárlögum 2013 en ríkið á 98 % hlutfjár í Landsbankanum. Landsbankinn hagnaðist um 25 milljarða króna árið 2012.

1 REIKNISTOFA BANKANNA HÆTTI AÐ TAKA Á MÓTI BRÉFUM SEM FARA Á MILLI FJÁRMÁLASTOFNANA. Bréf frá einni fjármálastofnun til annarrar fer því ekki lengur í gegnum RB og ekki verður hægt að nota umslög merkt RB-PÓSTUR. Bréf milli fjármálastofnana eru nú send í almennum pósti.

STJÓRN



MÁL

1 BJARNI BENEDIKTSSON KYNNTI FJÁRLAGAFRUMVARP RÍKISSTJÓRNARINNAR FYRIR ÁRIÐ 2014. GERT VAR RÁÐ FYRIR AÐ RÍKISSJÓÐUR YRÐI REKINN ÁN HALLA 2014.

VIÐSKIPTI OG



EFNAHAGSMÁL

2 PENINGASTEFNUNEFND SEDLABANKA ÍSLANDS ÁKVAÐ AÐ HALDA VÖXTUM BANKANS ÖBREYTTUM OG VERÐA ÞEIR ÞVÍ ÁFRAM SEX PRÓSENT.

3 FRÉTTASTOFA RÚV GREINDI FRÁ ÞVÍ AÐ HAGNAÐUR ÍSLENSKU ÁLVERANNA ÞRIGGJA HAFI DREGIST VERULEGA SAMAN Á MILLI ÁRANNA 2011 OG 2012 MEÐAL ANNARS VEGNA LÆKKUNAR Á HEIMSMARKAÐSVERÐI.

STJÓRN



MÁL

4 UM RÆÐUR UM FJÁRLAGAFRUMVARP RÍKISSTJÓRNARINNAR FÓRU FRAM Á ALÞINGI. Stjórnarandstaðan deildi harkalega á frumvarpið. Steingrímur J. Sigfússon sagði frumvarpið vera „kjaftshögg á landsbyggðina og dreifbýlið“.

5 FIMM ÁR VORU FRÁ ÁVARPI GEIRS H. HAARDE, ÞÁVERANDI FORSÆTISRÁÐHERRA, Í SJÓNVARPI ÞEGAR ÍSLENSKA BANKAKERFIÐ VAR VIÐ ÞAÐ AÐ RÍÐA TIL FALLS. Síðdegis þennan dag fyrir 5 árum var frumvarp að neyðarlögum lagt fram á Alþingi og samþykkt.





- 5** 25,5% SAMDRÁTTUR VARÐ Í SÖLU Á NÝJUM BÍLUM Í SEPTEMBER SAMANBORIÐ VIÐ SEPTEMBER ÁRSINS 2012. Í ár seldust 350 nýir bílar í september en í fyrra 470 samkvæmt tölum Bílgreinasambandsins.



- 7** UMSÓKNIR UM ALMENNAN STYRK Í STYRKARSJÓÐ SSF VORU GERÐAR RAFRÆNAR. Sótt er um á heimasíðu SSF, www.ssf.is

Um er að ræða sama kerfi og notað hefur verið til að taka á móti umsóknum í Menntunarsjóð SSF. Þar hefur reynst vel að taka rafrænt við umsóknum og trúum við því að þessi breyting verði til hins betra fyrir félagsmenn. Skanna þarf frumrit kvittana og hengja við umsóknir. Í öllum tilfellum er sendur staðfestingarpóstur þegar umsókn er móttækin, ef slíkur póstur berst ekki hefur mistekist að senda inn umsókn.



- 8** FJÁRMÁLASTÖÐUGLEIKI, RIT SEÐLABANKANS, KOM ÚT. Í ritinu kom fram að innistæður í íslenskum bönkum hafi aukist um 50 milljarða á fyrri helmingi ársins. Aukning innlána skýrist meðal annars af „innlánum frá fjárfestingar- og verðbréfasjóðum. Landsmenn virðist í auknum mæli beina sparifé sínu til slíkra sjóða og innlán sjóðanna hafi aukist um helming frá áramótum“ segir á vef Seðlabankans.



- 8** ÓLAFUR ELÍASSON, LISTAMAÐUR, HLAUT Í BYRJUN MÁNAÐARINS ÞÝSKU GOSLAR KAISERRING-VERÐLAUNIN EN ÞETTA ERU EIN MIKILVÆGUSTU VERÐLAUN SEM VEITT ERU FYRIR NÚTÍMALIST.



- 8** SLITASTJÓRN GLITNIS TILKYNNTI Á FUNDI MEÐ KRÖFUHÖFUM Í NEW YORK AÐ STJÓRNIN VÆRI AÐ KANNA, SAMHLIÐA SÖLUFERLI ÍSLANDBANKA, MÖGLEGA SKRÁNINGU BANKANS Á MARKAÐ Á ÍSLANDI OG ERLendis.



- 10** SAMTÖK ATVINNULÍFSINS BOÐUÐU TIL „SMÁÞINGS“ UNDIR HEITINU LITLA ÍSLAND. Á þinginu voru birtar niðurstöður úr könnun SA en þær sýndu að forsvarsmenn lítilla og meðalstórra fyrirtækja eru almennt bjartsýnir þegar horft er til næstu ára. Skv. könnuninni mun starfsmönnum hjá litlum og meðastórum fyrirtækjum fjölga um meira en 17 þúsund á næstu þremur til fimm árum.



- 11** LJÓSMYND AF SIGMUNDI DAVÍÐ GUNNLAUGSSYNI FORSETISRÁÐHERRA OG BJARNA BENEDIKTSSYNI FJÁRMÁLARÁÐHERRA STILLTUM UPP SEM KAPTEINN KIRK OG SPOCK ÚR STAR TREK MYNDUNUM VAR SELD Á UPPBOÐI Á 900 ÞÚSUND KRÓNUR. Myndina tók Ari Magg í tengslum við árveknisátak Krabbameinsfélagsins, Bleiku slaufuna. Andvirði myndarinnar rann óskipt til Krabbameinsfélagsins.



- 11** MATSFYRIRTÆKIÐ FITCH SAGÐI AÐ HAGVÖXTUR HEFÐI VERIÐ STÖÐUGUR Á FYRRI HLUTA ÁRSINS SAMHLIÐA ENDURSKIPULAGNINGU Á SKULDUM HEIMILA OG FYRIRTÆKJA. Matsfyrirtækið spáði 1,9 % hagvexti í ár og 2,5 % hagvexti næstu tvö árin og gaf Íslandi áfram lánsþæfiseinkunnina BBB.



- 16** ANNÆÐ TÖLUBLAÐ SSF BLAÐSINS Á ÞESSU ÁRI KOM ÚT. Hægt er að nálgast rafrænar útgáfur af blöðum SSF á heimasíðu samtakanna, www.ssf.is.

- 17** SSF HÉLT TRÚNAÐARMANNANÁMSKEIÐ IV DAGANA 17. OG 18. OKTÓBER Á HÓTEL ÖRK Í HVERAGERÐI. Á námskeiðið mættu 29 af reyndustu trúnaðarmönnum SSF.



- 17** MARIA DAMANAKI, SJÁVARÚTVEGSSTJÓRI EVRÓPUSAMBANDSINS, HITTI SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA NOKKURA STRANDRÍKJA Á FUNDI TIL AÐ LEYSA ÚR MAKRÍLDEILUNNI. Eftir fundinn sagðist hún hóflega bjartsýn á að samningar takist um makrílstofninn.



- 23** KRÖFUHAFAFUNDUR SLITASTJÓRNAR GLITNIS FÓR FRAM. Þar kom fram að Glitnir ætti um 550 milljarða króna í handbæru fé og þar af væru um 10% í íslenskum krónum, geymd á Íslandi. Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis, sagði „fullkomlega óskiljanlegt“ af hverju stjórnvöld væru ekki byrjuð að ræða við þrotabú bankanna um lyktir þeirra.



- 30** JÓN GNARR, BORGARSTJÓRI, TILKYNNTI AÐ HANN HYGÐIST EKKI GEFA KOST Á SÉR SEM BORGARSTJÓRI EFTIR ÞETTA KJÖRTÍMABIL.



- 30** TÓNLISTARHÁTÍÐIN ICELAND AIRWAVES VAR SETT Í FIMMTÁNDA SINN. SJÖ ÞÚSUND MANNS ALLS STAÐAR AÐ ÚR HEIMINUM HÖFÐU TRYGGT SÉR MIÐA EN UPPSELT VAR Á HÁTÍÐINA MÖRGUM MÁNUÐUM FYRIR TÓNLEIKAHALD.



- 31** SIGMUNDUR DAVÍÐ SAGÐI AÐFERÐIR BANDARÍKJAMANNA VIÐ NJÓSNIR Á BANDAMÖNNUM „ALGJÖRLEGA ÓÁSÆTTANLEGAR“. Formlegu erindi var komið á framfæri við Bandaríkjustjórn í vikunni vegna hlerana Bandaríkjamanna á sínum ráðamanna Evrópuríkja.



- 31** NÝ LÖG UM NEYTENDALÁN TÓKU GILDI. Í lögnum eru gerðar ríkari kröfur til neytenda og fjármálastofnana.

NÓVEMBER



- 1** SSF OG LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS HÓFU SAMSTARF SEM SNÝR AÐ SKÖNNUN OG BIRTINGU BANKAÐLAÐSINS SEM GEFIÐ VAR ÚT Á ÁRUNUM 1935-1995, SÍB BLAÐINU FRÁ 1996-2007 OG SSF BLAÐINU FRÁ 2008, ALLS 160 TÖLUBLÖÐUM. Einnig Sambandstíðindum sem gefin voru út á árunum 1970-1997. Að skönnun lokinni verða blöðin aðgengileg á vefnum timarit.is sem er samstarfsverkefni Landsbókasafns Íslands og landsbókasöfnun Færeyja og Grænlands



- 1** HALLI Á REKSTRI RÍKISSJÓÐS NAM 16,7 MILLJÖRÐUM KRÓNA Á FYRRI HELMINGI ÞESSA ÁRS OG ER NOKKRU MINNI EN BÚIST VAR VIÐ SAMKVÆMT TILKYNNINGU RÍKISENDURSKOÐUNAR. Áætlað var að hallinn yrði 21 milljarður á árinu.



- 2** ARIONBANKI HEFUR INNLEITT KAUPAUKAKERFI SEM NÆR TIL UM HUNDRAD STARFSMANNA. „Kaupaukarnir geta numið 25 prósentum af árslaunum en ná ekki til starfsfólks áhættustýringar, greiningadeildar, regluvörslu og innri endurskoðunar bankans“ samkvæmt frétt Morgunblaðsins.



- 2** MORGUNBLAÐIÐ FAGNAÐI HUNDRAD ÁRA AFMÆLI SÍNU. Blaðið kom fyrst út 2.nóvember 1913.



- 6** PENINGASTEFNUNEFND SEÐLABANKANS ÁKVAÐ AÐ HALDA STYRIVÖXTUM ÓBREYTTUM EÐA 6 %. Í yfirlýsingu Peningastefnunefndar kom m.a. fram að viðskiptakjör Íslands hafi versnað, það hafi rýrt viðskiptaafgang og sett þrýsting á gengi krónunnar. Afgangurinn af fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar sé minni en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir. Afgangur af ríkisrekstri byggist að hluta á brothættum og óljósum forsendum að mati Peningastefnunefndar. Þá liggur ekki fyrir hvernig fyrirætlanir stjórnvalda um almenna niðurfærslu skulda verði framkvæmdar segir í umsögn nefndarinnar og því ákvað nefndin að halda styrivöxtum óbreyttum.



- 7** KJARAVIÐRÆÐUR ÞOKUÐUST ÁFRAM, ÞEGAR SAMNINGANEFND ALÞÝÐUSAMBANDSINS HITTI ÞRÍJA RÁÐHERRA RÍKISSTJÓRNARINNAR. Yfirvöld höfðu hlotið gagnrýni fyrir að leggja ekki sitt af mörkum í aðdraganda samninga. „Mér fannst við fá alveg skýr svör með það að það sé mikill áhugi innan ríkisstjórnarinnar að leggja sitt af mörkum að svo megi verða. Okkur hefur fundist skorta slík svör, við höfum sagt það áður í fjölmiðlum. Mér fannst þetta jákvætt að því leyti þó það hafi ekki verið svör hér beint við hvaða atriði það eru; það mun ríkisstjórnin ræða í framhaldinu,“ sagði Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðasambandsins í fréttum RÚV.



- 7** FORMANNAFUNDUR SSF VAR HALDINN DAGANA 7. OG 8. NÓVEMBER Á HÓTEL ÖRK Í HVERAGERÐI.



- 8** ÞORSTEINN EGGERTSSON TEXTASKÁLD VAR HEIÐRÆÐUR FYRIR FRAMLAG SITT TIL TÓNLISTAR. Hann hefur samið á sjötta hundrad texta um ævina.

STJÓRN



MÁL

- 11** HAGRÆÐINGARHÓPUR RÍKISSTJÓRNARINNAR LAGÐI FRAM TILLÖGUR Í 111 LIÐUM UM HVERNIG MÆTTI HAGRÆÐA Í RÍKISREKSTRI. Margar tillaganna ganga út á það að sameina opinberar stofnanir í eina.

VIÐSKIPTI OG



EFNAHAGSMÁL

- 15** HAGSTOFA ÍSLANDS GAF ÚT ÞJÓÐHAGSSPÁ, HAGTÍÐINDI, EN ÞAR VAR GERT RÁÐ FYRIR AÐ HAGVÖXTUR YRÐI 2% Á ÞESSU ÁRI.

STJÓRN



MÁL

- 16** HALLDÓR HALLDÓRSSON, FORMAÐUR SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA, SIGRAÐI Í ODDVITASLAG PRÓFKJÖRS SJÁLFSTÆÐIS-FLOKKSINS FYRIR BORGARSTJÓRNARKOSNINGARNAR 2014.

VIÐSKIPTI OG



EFNAHAGSMÁL

- 18** EFNAHAGS- OG FRAMFARASTOFNUNIN OECD SAGÐI Í EFNAHAGSSPÁ SINNI AÐ ÍSLAND MUNI BÚA VIÐ ÁFRAMHALDANDI EFNAHAGSBATA VEGNA AUKINNAR EINKANEYSLU OG TEKNA AF FERÐAMÖNNUM. Að mati stofnunarinnar er minnkandi atvinnuleysi og afgangur af viðskiptum við útlönd jákvæð merki og að hagvöxtur komi til með að aukast í takt við aukin umsvif í byggingariðnaði og fjárfestingar í stóriðju.

ANNAÐ



- 19** HM DRAUMUR ÍSLANDS Í KNATTSPYRNU GEKK EKKI EFTIR ÞEGAR ÍSLENSKA KARLALANDSLIÐIÐ TAPAÐI SÍÐARI UMSPILSLEIKNUM GEGN KRÓATÍU YTRA, 2-0. Eiður Smári Guðjohnsen tilkynnti á tilfinningaríkri stund eftir leikinn að þetta hefði að öllum líkindum verið hans síðasta leikur fyrir landsliðið. Fjölmargir Íslendingar sendu Eiði þakklætiskveðjur á Fésbókarsíðu sem stofnuð var honum til heiðurs.

VIÐSKIPTI OG



EFNAHAGSMÁL

- 22** LAUNAVÍSITALAN HAFÐI HÆKKAÐ UM 6% UNANFARNA TÓLF MÁNUÐI. Launavísitalan í október var rúm 463 stig og hækkaði um 0,2 prósent frá fyrri mánuði skv. tölum Hagstofunnar.

ANNAÐ



- 22** KOLGRAFAFJÖRÐUR HÓF AÐ FYLLAST AF SÍLD LÍKT OG FYRR Á ÁRINU OG VIÐ LOK SÍÐASTA ÁRS. Bændur fóru að hafa miklar áhyggjur af síldaröðu í firðinum. Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegráðherra, gaf út síðar um daginn reglugerð sem heimilaði frjálssar veiðar smábáta innan brúar í firðinum.

STJÓRN



MÁL

- 25** FRÉTTABLAÐIÐ BIRTI NIÐURSTÖÐU KÖNNUNAR CAPACENT GALLUP Á VILJA ÍSLENDINGA Í AÐ GANGA Í EVRÓPUSAMBANDIÐ. Hátt í 60% svarenda sögðust vera á móti aðild að ESB. Könnunin var gerð fyrir samtökin Já Ísland.

VIÐSKIPTI OG



EFNAHAGSMÁL

- 25** ÞORSKSTOFNINN KOM VEL ÚT ÚR HAUSTMÆLINGUM HAFRANNSÓKNARSTOFNUNAR. SOFNINN HEFUR EKKI MÆLST STERKARI SÍÐAN ÁRIÐ 1996.

BANKAMÁL



- 25** LANDSBANKINN OPNAÐI Í DAG NÝJA KYNSLÓÐ BANKAÚTIBÚA, FYRSTA SINNAR TEGUNDAR Á ÍSLANDI. Nýja útibúið er við Hagatorg og er án gjaldkera.

VIÐSKIPTI OG



EFNAHAGSMÁL

- 27** „DRAGA ÞARF ÁRLEGAN REKSTRARKOSTNAÐ RÚV SAMAN UM 500 MILLJÓNIR KRÓNA - KOMI EKKI TIL ENN FREKARI SKERÐINGAR Á TEKJUM RÚV VIÐ AFGREIÐSLU FJÁRLAGAFRUMVARPSINS. Fækka þarf starfsmönnum hjá Ríkisútvarpinu um sextíu, þar af verða beinar uppsagnir 39 sem koma til framkvæmda nú þegar“ segir í tilkynningu sem Páll Magnússon, útvarpsstjóri sendi frá sér í kjölfar uppsagna hjá stofnuninni.

- 27** GJALDEYRISHÖFTIN URÐU FIMM ÁRA. Þennan dag voru fimm ár frá því að frumvarp var lagt fram á Alþingi um takmarkanir á fjármagnsflutningum sem voru síðar þann sama dag samþykkt á þingi.

BANKAMÁL



- 28** ARION BANKI GAF ÚT TILKYNNINGU VEGNA REKSTRARNIÐURSTÖÐU FYRIR FYRSTU 9 MÁNUÐI ÁRSINS 2013. Þar kom fram að hagnaður bankans hafi numið 10,1 milljarði króna eftir skatta samanborið við 14,5 milljarð á sama tímabili 2012.

Eiginfjárlutfall bankans í lok tímabilsins var 23,6% en var 24,3% í árslok 2012. Í tilkynningu frá bankanum sagði að heildareignir bankans nemi tæpum 937 milljörðum króna samanborið við rúma 900 milljarða í árslok 2012.

STJÓRN



MÁL

- 30** SIGMUNDUR DAVÍÐ OG BJARNI BENEDIKTSSON KYNNTU AÐGERÐIR SEM SÉRFRÆÐIHÓPUR HAFÐI UNNIN VARÐANDI LÆKKUN HÚSNÆÐISSKULDA HEIMILA. Annars vegar var um að ræða lækkun höfuðstóls verðtryggðra húsnæðislána og hins vegar skattaávilnun vegna séreignarlífeyrissparnaðar sem fellur til eftir að aðgerðin er komin til framkvæmda. Unnt verður að ráðstafa séreignarlífeyrissparnaði til lækkunar höfuðstóls og býðst sú leið öllum þeim sem skulda húsnæðislán óháð lánsformi.



30 KJARASAMNINGAR SSF VIÐ SAMTÖK ATVINNULÍFSINS RUNNU ÚT Á MIÐNÆTTI. UNNIÐ ER AÐ GERÐ NÝRRA KJARASAMNINGA.

DESEMBER

ANNANÐ



1 PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN HÓF RANNSÓKN Á ÞVÍ HVERNIG HAFI VERIÐ STAÐIÐ AÐ GEYMSLU GAGNA SEM STOLIÐ VAR Í NETÁRÁS Á HEIMASÍÐU VODAFONE. Framkvæmd var netárás á heimasíðu Vodafone og viðkvæmum persónuupplýsingum og samtölum lekið.



1 DESEMBERUPPBÓT KEMUR TIL GREIÐSLU FYRIR FÉLAGSMENN SSF. Miðað við fullt starf árið 2013 nemur uppbótin kr. 59.200,- og skal greiða hana eigi síðar en 15. desember. Allir félagsmenn á fyrirframgreiddum launum fá desemberuppbótina greidda með launum 1. desember 2013.

STJÓRN



MÁL

4 EMBÆTTI TALSMANNS NEYTENDA VAR LAGT NIÐUR ÞEGAR FRUMVARP INNANRÍKISRÁÐHERRA VAR SAMÞYKKT. Verkefni talsmanns neytenda voru færð yfir til Neytendastofu.

4 FULLT HÚS VAR Á SAMSTÖÐUFUNDI Í HÁSKÓLABÍÓI UM RÍKISÚTVARPIÐ. Á fundinum var niðurskurði og fjöldauppsögnum stofnunarinnar mótmælt.

VIÐSKIPTI OG



EFNAHAGSMÁL

5 KJARASAMNINGSVIÐRÆÐUM ALÞÝÐUSAMBANDS ÍSLANDS OG SAMTAKA ATVINNULÍFSINS VAR SLITIÐ. Ástæðan var ágreiningur um launalið væntanlegs samnings, einkum hvað varðar hækkun lægstu launa samkvæmt fréttum RÚV.

5 PENINGASTEFNUNEFND SEÐLABANKA ÍSLANDS ÁKVAÐ AÐ HALDA STYRIVÖXTUM BANKANS ÓBREYTTUM.

VIÐSKIPTI OG



EFNAHAGSMÁL

12 ALÞJÓÐAGJALDEYRISJÓÐURINN VARAÐI VIÐ SKULDANIÐURFELLINGARTILLÖGUM RÍKISSTJÓRNARINNAR. Sjóðurinn segir tillögurnar koma til með að auka verðbólgu og kunni að leiða til hækkunar á skuldum hins opinbera.

12 SAKBORNINGAR Í AL-THANI MÁLINU SVOKALLAÐA HLUTU ÞUNGA FANGELSIÐÓMA Í HÉRAÐSDÓMI REYKJAVÍKUR. Dóminum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar og er talið að hann muni hafa mikið fordæmisgildi verði hann staðfestur í Hæstarétti.

STJÓRN



MÁL

13 ÖNNUR UMRÆÐA UM FJÁRLÖG FÓR FRAM Á ALÞINGI. Ríkisstjórnarflokkarnir höfðu gert talsverðar breytingar frá fyrstu umræðu sem miða að því að auka fé til heilbrigðismála um 4 milljarða króna.

13 SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA GAF ÚT LEYFI TIL VEIÐA Á 229 HREFNUM Á LANDGRUNNSSVÆÐINU OG 154 LANGGREYÐUM Á NÆSTA ÁRI.

13 TILKYNNT VAR AÐ BJÖRN BLÖNDAL, TÓNLISTARMAÐUR OG AÐSTOÐARMAÐUR BORGARSTJÓRA, MYNDI LEIÐA LISTA BJARTRAR FRAMTÍÐAR FYRIR BORGARSTJÓRNARKOSNINGARNAR 2014.

VIÐSKIPTI OG



EFNAHAGSMÁL

15 18% ÍSLENDINGA TELJA SIG HAFA KOMIÐ VERR ÚT ÚR KREPPUNNI EN AÐRIR, „þau upplifa óréttlæti og eru reiðari“ þetta kom fram í rannsókn sem Jón Gunnar Bernburg prófessor við Félags- og mannvísindadeild HÍ gerði ásamt samstarfsfélögum.

16 RÍKISSÁTTASEMJARI BOÐAÐI SAMTÖK ATVINNULÍFSINS OG ÞAU SAMTÖK SEM STANDA Í KJARAVIÐRÆÐUM VIÐ SA TIL FUNDAR.

ANNANÐ



17 PÁLL MAGNÚSSON, ÚTVARPSSTJÓRI, TILKYNNTI AÐ HANN HEFÐI ÁKVEÐIÐ AÐ LÁTA AF STÖRFUM SEM ÚTVARPSSTJÓRI RÍKISÚTVARPSINS FRÁ OG MEÐ ÞESSUM DEGI.

VIÐSKIPTI OG



EFNAHAGSMÁL

17 GYLFI ARNBJÖRNSSON, FORSETI ASÍ, SEGIR KJARADEILU VERKALÝÐSHREYFINGAR OG ATVINNUREKENDA KOMNA Í HNÚT.



20 ÞRIÐJA TÖLUBLAÐ SSF- BLAÐSINS 2013 LÍTUR DAGSINS LJÓS.



Hátíðarkrossgáta


Lárétt

1. Ósanngjarn skattur
2. Bankastjóri Arion banka
3. Bankastjóri Íslandsbanka
4. Gjaldmiðill í Sameinuðu Arabísku Furstadæmunum
5. Höfundur
6. Kínverjar lentu þarna á tunglinu
7. Fugl af orraætt
8. Kaka
9. Frí
10. Gjaldmiðill sá sem mest er til af bankainnistæðum og skuldabréfum í.
11. Dyrkaðir
12. Traust og trú á
13. Planta af sóleyjarætt



Lóðrétt

1. Sjötti jólasveinninn
2. Formaður SSF
3. Upplýsingar fást hér um lífeyrisréttindi
4. Hinn alþjóðlegi jólasveinn
5. Aðventa
6. Hið fyrsta aðventukerti
7. Trú hvers yfirguð heitir Ahura Mazda
8. Gjaldmiðill Kína
9. Ljótur
10. Hestur
11. Tré
12. Blundur
13. Villibráð
14. Lygi
15. Menningarhús á Akureyri
16. Kaffi
17. Ávöxtur
18. Formaður Fjárlaganefndar
19. Mjög lítill
20. Fyrrum ráðgjafi sérstaks saksóknara
21. Einn vitringanna þriggja
22. Vinsæll hátíðarmatur



KLIPPIÐ ÚT EÐA AFRITIÐ KROSSGÁTUNA, MERKIÐ OG SENDIÐ LAUSNINA Á SKRIFSTOFU SSF, NETHYL 2E, 110 REYKJAVÍK FYRIR 25. JANÚAR. FIMM HEPPNIR EINSTAKLINGAR GETA UNNIÐ TIL VEGLEGA VERÐLAUNA. DREGIÐ VERÐUR ÚR RÉTTUM INNSENDUM LAUSNUM. LAUSN VIÐ KROSSGÁTUNNI VERÐUR BIRT Á HEIMASÍÐU SSF ÞANN 31. JANÚAR NK. ÁSAMT NÖFNUM VINNINGSHAFA.



SAMTÖK
STARFSMANNA
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

SSF - LEIÐANDI STÉTTARFÉLAG

SSF er í forystu við gerð kjarasamninga sem tryggja góð réttindi og kjör félagsmanna. Stéttarfélag sem tryggir gott samstarf við atvinnurekendur, aðildarfélög og trúnaðarmenn með hag félagsmanna að leiðarljósi.

Launa- og viðhorfskannanir

Launatöflur gefa raunhæfa mynd af launakjörum meirihluta félagsmanna. Skýrar upplýsingar og samanburður við laun annarra á aðgengilegri reiknivél á www.ssf.is

Lág félagsgjöld

Einungis 0,7% af grunnlaunum.

Ráðgjöf við félagsmenn

Upplýsingar um réttindi og skyldur og aðstoð við túlkun kjarasamninga. Stuðningur og lögfræðiaðstoð við þá sem þurfa aðstoð við starfslok eða vilja leita réttar síns vegna kjara- og réttindamála.

Þess vegna ættir þú að vera í SSF:

Lífeyrisréttindi

Hefðbundinn samtryggingarsjóður (6+4%) og 2+2% í séreignarsjóð. Að auki greiða atvinnurekendur strax 2% í séreignarsjóð sem hækkar í 7% eftir þriggja ára starf.

Veikindaréttur

Fjórir og hálfur til tólf mánuðir, eftir starfsaldri, fyrir fastráðna starfsmenn. Einn mánuður á fullum launum og annar á 50% launum fyrir lausráðna.

Hærrí laun í fæðingarorlofi og fjölskylduvænn vinnutími

Tryggir fastráðnum starfsmönnum í fæðingarorlofi full laun upp að hámarki fæðingarorlofssjóðs og almennt fjölskylduvænan vinnutíma hjá flestum félagsmönnum.

Líf- og slysatryggingar

Fastráðnir starfsmenn eru tryggðir allan sólarhringinn hvar sem er í heiminum.

Styrktarsjóður

Greiðir sjúkradagpeninga að loknum veikindarétti auk styrkja vegna forvarna og endurhæfingar.

Menntunarsjóður

Niðurgreiðir kostnað vegna náms allt að helming námsgjalda við einingametið nám.